ÁRSSKÝRSLA ÖBÍ
2018-2019



Ársskýrsla Öryrkjabandalags Íslands 2018-2019
Umsjón: Margrét Ögn Rafnsdóttir og Þórný Björk Jakobsdóttir
Prófarkalestur: Þórný Björk Jakobsdóttir og Jón Þór Víglundsson
Umbrot: Auður Björnsdóttir
Prentun: Litróf

Ársskýrsla ÖBÍ er gefn út rafrænt og á prenti. Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið. Ljósmyndirnar eru þó háðar höfundarrétti ljósmyndara, ÖBÍ, aðildarfélaga þess eða þeirra stofnana sem myndirnar eru fengnar frá.

Ljósmyndir sem birtar eru í ársskýrslunni eru teknar af ljósmyndurum og starfsfólki ÖBÍ. Nöfn þeirra eru skammstöfuð í skýrslunni með eftirfarandi hætti:

EK Elsa Katrín / Ljósmyndir Rutar og Silju
EÓ Einar Ólason
GX Geiri X / Pressphotos.biz
HG Hartmann Kr. Guðmundsson
IKH Ingimar Karl Helgason
JÞ Jón Þór Víglundsson
LÞ Lilja Þorgeirsdóttir
MÖ Margrét Ögn Rafnsdóttir
SA Sigtryggur Ari / Fréttablaðið
Silja Ljósmyndir Rutar og Silju
ÞB Þórný Björk Jakobsdóttir
ÞH Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Ljósmynd á kápu: Þuríður Harpa Sigurðardóttir. Tekin 1. maí 2019 af ræðupalli á Ingólfstorgi.
Hér og þar í ársskýrslunni má sjá fyrirsagnir úr fjölmiðlum frá ágúst 2018 til ágúst 2019.

© Öryrkjabandalag Íslands, 2019

ISSN 2298-9021

Öryrkjabandalag Íslands
Sigtúni 42 • 105 Reykjavík
www.obi.is • obi@obi.is
Sími: 530 6700

ÁRSSKÝRSLA ÖBÍ

2018 - 2019

Efnisyfirlit

Ávarp formanns 7

Stjórn ÖBÍ 8

Skýrsla formanns og stjórnar 9

Skýrslur málefnahópa og hreyfinga ÖBÍ

Málefnahópur um aðgengismál 32

Málefnahópur um atvinnu- og menntamál 33

Málefnahópur um heilbrigðismál 34

Málefnahópur um kjaramál 35

Málefnahópur um sjálfstætt líf 36

Málefnahópur um málefni barna 37

Kvennahreyfing ÖBÍ 38

Ungliðahreyfing ÖBÍ 38

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2018 39

Skýrslur fyrirtækja ÖBÍ

Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins 40

Fjölmennt 41

Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing 42

Íslensk getspá 43

TMF Tölvumiðstöð 44

Örtækni 45

Upplýsingar aðildarfélaga ÖBÍ

ADHD samtökin 46

Alzheimersamtökin á Íslandi 46

Astma- og ofnæmisfélag Íslands 46

Ás styrktarfélag 46

Blindrafélagið 47

Blindravinafélag Íslands 47

CCU samtökin 47

CP félagið 47

Einhverfusamtökin 48

Félag heyrnarlausra 48

Félag lesblindra á Íslandi 48

Félag lifrarsjúkra 48

Fjóla - félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu 49

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 49

Geðhjálp 49

Geðverndarfélag Íslands 49
Gigtarfélag Íslands 50
Heilaheill 50
Heyrnarhjálp 50
HIV-Ísland 50
Hjartaheill 51
Hugarfar 51
LAUF - félag flogaveikra 51
Málbjörg - félag um stam 51
Málefli 52
ME félag Íslands 52
MG-félag Íslands 52
MND félagið á Íslandi 52
MS-félag Íslands 53
Ný rödd 53
Nýrnafélagið 53
Parkinsonsamtökin á Íslandi 53
Samtök lungnasjúklinga 54
Samtök sykursjúkra 54
Samtök um endómetríósu 54
SEM - Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra 54
SÍBS 55
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra 55
SPOEX - Samtök psoriasis- og exemsjúklinga 55
Stómasamtök Íslands 55
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra 56
Tourette-samtökin á Íslandi 56
Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir 56

Fulltrúar ÖBÍ í nefndum og ráðum 2018 - 2019

Stjórn ÖBÍ 57
Framkvæmdaráð ÖBÍ 57
Málefnahópar ÖBÍ 58
Hreyfingar ÖBÍ 59
Nefndir ÖBÍ 59
Fyrirtæki ÖBÍ / Samstarfsaðilar ÖBÍ 60
Styrktarsjóðir 60
Fulltrúar ÖBÍ í starfi frjálsra félagasamtaka 60
Fulltrúar ÖBÍ í opinberum nefndum og ráðum 61
Fulltrúar ÖBÍ í erlendu samstarfi 62
Ársreikningur ÖBÍ 63

Ávarp formanns



Kæru samherjar!

Síðustu tvö ár hafa liðið hratt enda hver dagur átt sína baráttu ef svo má að orði komast. Við höfum á undanförnum árum komið á stöðugu samtali við stjórnvöld og verkalýðsforystuna. Það samtal þarf að vera til staðar, því án þess erum við á eintali við okkur sjálf um okkur sjálf. Þar að auki eigum við í samráði við önnur hagsmunafélög og hreyfingar bæði innanlands og utan. Við komum okkar sjónarmiðum, kröfum og hugmyndum að og knýjum á um umbótamál.

Það er gott þegar árangur næst í jafn mikilvægri baráttu og barátta fatlaðs fólks fyrir lífi til jafns við aðra er. Því var það mikið gleðiefni að ná fram réttlæti í málefnum fatlaðs fólks sem orðið hefur fyrir skerðingu bóta vegna búsetu erlendis, en sú barátta hefur nú staðið í nær áratug. Það var líka ánægjuefni að ná fram skattleysi tveggja uppbóta, annars vegar á lífeyri vegna framfærslubyrðar og hinsvegar vegna reksturs bifreiðar. Ánægjulegt var að ná fram lækkun krónu á móti krónu skerðingarinnar, þó vissulega hafi það verið mikil vonbrigði að skerðingin hafi ekki verið aflögð með öllu, sem er okkar markmið.

Við erum með mörg járn í eldinum, t.d. mál vegna 69. greinar almannatryggingalaga, sem kveður á um að hækkun örorkulífeyris skuli fylgja launaþróun í landinu. Túlkun fjármálaráðuneytisins hefur haft í för með sér mikla kjaragliðnun, þar sem öryrkjar hafa setið eftir. Dómsmál vegna krónu á móti krónu skerðingar er komið af stað og búið að þingfesta. Auk þessa vinnum við að auknu aðgengi fatlaðs fólks að menntun, frírri heilbrigðisþjónustu, bættri hjálpartækjalöggjöf, húsnæðismálum, auknu aðgengi að samfélaginu og svo mætti lengi telja. Það mál sem án efa er þó stærst og kemur við flest fatlað og langveikt fólk, er hækkun á örorkulífeyri og það knýjum við fastast á um. Við höfum óskað eftir því að hér á landi verði stofnað embætti umboðsmanns fatlaðs fólks, hér verði gert átak í að skapa rými á vinnumarkaði fyrir fatlað fólk og að breidd verði í framboði starfa, þá sérstaklega hlutastörf. Sýnileiki okkar í fjölmiðlum hefur stóraukist, bæði í ljósvakamiðlum og á samfélagsmiðlum og fjölmiðlar leita til okkar í meira mæli til að fá svör eða viðbrögð við fréttum.

Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa öflugt fólk mér við hlið. Það er gríðarmikill styrkur að hafa breiðfylkingu stjórnar, starfsmanna og fjölda fólks úr samfélaginu á bak við mig og öll stefnum við í sömu átt, að fatlað fólk geti lifað mannsæmandi lífi. Því þó við slösumst, veikjumst eða fæðumst fötluð eigum við samt rétt á lífi til jafns við aðra.

Nú sem aldrei fyrr verðum við að sýna samstöðu, stíga fram, vera sýnileg og láta í okkur heyra. Við erum hér og við verðum hér, við erum breiðfylking. Baráttan er rétt að byrja!

Ekkert um okkur án okkar!

Þuríður Harpa Sigurðardóttir



Silja

Stjórn ÖBÍ

Aftari röð, talið frá vinstri: *Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ, Frímann Sigurnýasson, SÍBS, Karl Þorsteinsson, Ás styrktarfélagi, Emil Thóroddsen, formaður málefnahóps um heilbrigðismál, Gigtarfélagi Íslands, Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ, Blindrafélaginu, Sylviane Pétursson-Lecoultre, Geðhjálp, Garðar Sverrisson, MS-félagi Íslands, Fríða Rún Þórðardóttir, Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson, Spoex, Elín Hoe Hinriksdóttir, formaður málefnahóps um málefni barna, ADHD samtökunum, Svavar Kjarrval Lúthersson, Einhverfusamtökunum og Dóra Ingvadóttir, Gigtarfélagi Íslands.*

Fremri röð, talið frá vinstri: *Bergur Þorri Benjamínsson, gjaldkeri ÖBÍ, Sjálfsbjörg lsh., Fríða Bragadóttir, Samtökum sykursjúkra, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, Sjálfsbjörg lsh., Elva Dögg Hafberg Gunnarsdóttir, Tourette-samtökunum á Íslandi og Ingveldur Jónsdóttir, formaður málefnahóps um aðgengismál, MS-félagi Íslands.*

Á myndina vantar: *Einar Þór Jónsson, Geðhjálp, Rúnar Björn Herrera, formann málefnahóps um sjálfstætt líf, SEM samtökunum, Rósu Maríu Hjörvar, formann málefnahóps um kjaramál, Blindrafélaginu, Snævar Ívarsson, Félagi lesblindra á Íslandi og Sævar Pálsson, formann málefnahóps um atvinnu- og menntamál, Hjartaheillum.*

† Magnús Þorgrímsson, Hjartaheillum [lést 25. febrúar 2019].

Skýrsla formanns og stjórnar

Okkar barátta er ekki aðeins barátta örorkulífeyrisþega heldur einnig barátta verkafólks, barátta eldri borgara og barátta jaðarsettra hópa. Barátta er orð ársins og þó stórir sigrar hafi ekki unnist, m.a. vegna vandræðagangs ríkisstjórnarinnar, þá er sú vitundarvakning sem við skynjum að hafi orðið meðal verkalýðsfélaga sannarlega sigur. Við höldum áfram ótrauð, stjórnvöld munu læra að við erum komin til að vera, komin til að eiga samtalið, hafa samráðið og komin til að hafa áhrif á mál sem varða okkur, fatlað og langveikt fólk. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er okkar leiðarljós, hann notum við í allri vinnu hvort sem er varðandi umsagnir, greinaskrif, vitundarvakningu eða annað.

Tannlæknasamningur og ný lög

Þann 1. september 2018 tók gildi nýr tannlæknasamningur. Þar náðist áfangi um 50% niðurgreiðslu ríkisins á tannlæknakostnaði öryrkja og eldri borgara. Auk þessa var gjaldskrá Sjúkratrygginga uppfærð. Áfram er unnið að því að fá stjórnvöld til að fullfjármagna samninginn með 75% niðurgreiðslu ríkisins.

Þrýst hefur verið á stjórnvöld að endurskoða stefnu og framkvæmd í hjálpartækjamálum með hliðsjón af ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Væntingar eru gerðar um talsverðar úrbætur út frá áherslum starfshóps heilbrigðisráðherra um hjálpartæki sem lauk störfum um síðustu áramót. Meðal þess sem lögð er áhersla á er að litið verði til óska og þarfa notenda við úthlutun hjálpartækja en ekki aðeins greiningar og að hjálpartæki fáist vegna líkamsæfinga og til nota í frístundum.

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 1. október 2018. Mikil bragarbót var gerð í þessum lögum sem laut að auknum réttindum og bættri þjónustu við fatlað fólk. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest með lögunum. Aukin réttindi til handa fötluðu fólki má þakka nánu samstarfi fatlaðs fólks við gerð fimm nýrra reglugerða sem og vinnu þess hóps við frumvarpið sjálft. Á þessu ári gerir velferðarráðuneytið ráð fyrir að 103 NPA samningar verði virkir.





1. *Vinnufundur á skrifstofu formanns ÖBÍ.*


Stundin


RÚV

Áfram er unnið markvisst að því að þrýsta á stjórnvöld að lögfesta SRFF en á síðustu dögum vorþings 2019 samþykkti Alþingi ályktun þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa lögfestingu hans eigi síðar en í desember 2020.

Samskipti við sveitarfélög

Í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga árið 2018 stóð ÖBÍ fyrir fundaherferð í samstarfi við Landssamtökin Þroskahjálp þar sem haldnir voru 14 fundir víðsvegar um landið. Niðurstaða þeirrar fundaherferðar varð sú að ÖBÍ þyrfti að efla samskipti sín við sveitarfélög sem annast þjónustu við fatlað fólk. Haldnir hafa verið fundir með stærstu sveitarfélögunum, þó aðallega Reykjavík um ýmis málefni er varða þjónustu og reglur sem sveitarfélögin setja sér. Nú er sveitarfélögum skylt að koma á notendaráði samkvæmt nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Hins vegar er ekki kveðið á um hvernig sveitarfélög standi að skipun notendaráða. Hvert og eitt sveitarfélag eða byggðasamlag getur því farið sínar eigin leiðir. Sum sveitarfélög eða byggðasamlög hafa farið þá leið að leita til ÖBÍ og fleiri hagsmunaaðila um að skipa fólk í sín notendaráð. Sums staðar er ekki enn búið að skipa notendaráð, en unnið er að því. Í byggðasamlögum á landsbyggðinni er oft um langan veg að fara og því hafa byggðasamlög eins og á Vestfjörðum kvartað yfir því að erfitt verði að skipa virk notendaráð þar sem fulltrúar geta átt erfitt með að taka virkan þátt vegna vegalengda og fámennis.

Á næsta starfsári er fyrirhugað að fjölga fundum með sveitarfélögum af öllu landinu til að fá betri yfirsýn yfir hvernig þjónustu við fatlað fólk er sinnt í ólíkum sveitarfélögum. Hugmyndir eru um að kynna starfsemi ÖBÍ og SRFF í þessum ferðum og valdefla fatlað fólk til að taka þátt í hagsmunabaráttu í sínu sveitarfélagi. Einnig er fyrirhugað að auka samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga sem gegnir lykilhlutverki í að aðstoða sveitarfélögin við að veita fötluðu fólki þjónustu.



1. desember

Laugardaginn 1. desember 2018 var efnt til fjöldafundar á Austurvelli. Tilgangur fundarins var að mótmæla og fordæma hegðun nokkurra þingmanna sem uppvísir höfðu orðið að haturs- og níðorðræðu í garð fatlaðs fólks og kvenna á Klausturbar. Ræðumenn voru nokkrir, en auk Þuríðar Hörpu Sigurðardóttur, formanns ÖBÍ, töluðu m.a. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, Tabú, Rúnar Björn Herrera, formaður NPA miðstöðvarinnar og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Yfir þúsund manns mættu á fundinn og sýndu þannig stuðning við þá hópa og einstaklinga sem urðu fyrir hatursorðræðunni.

1. *og* ***2.*** *Frá mótmælum 1. desember á Austurvelli 2018.*

Hungurganga

Þegar viðræður um nýjan kjarasamning Eflingar og VR stóðu sem hæst, spratt upp grasrótarhreyfing sem skipulagði viðburð sem kallaðist Hungurganga. Mörg þúsund manns sýndu viðburðinum áhuga á samfélagsmiðlum og mjög góð mæting var á Austurvöll, í febrúar og mars til að sýna stuðning og samhug í verki.

Hungurgangan var farin til að minna á að þann dag hafi þátttakendur stigið yfir hungurmörkin, það er peningar þeirra voru búnir þann mánuðinn. Framundan var því hungurganga fram að næsta útborgunardegi. Öryrkjabandalagið tók þátt í viðburðunum og talaði Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ á vel sóttri Hungurgöngu 23. febrúar. Hún talaði meðal annars um hversu mikilvægt það væri að hinn almenni borgari stigi fram og sýndi samstöðu þar sem óréttlæti væri bersýnilega við lýði. Það er óréttlátt að fólk geti ekki lifað af launum, örorku- eða ellilífeyri sínum. Á Hungurgöngu marsmánaðar talaði Rósa María Hjörvar, formaður málefnahóps ÖBÍ um kjaramál.

Samráðshópur um breytt framfærslukerfi almannatrygginga

Í maí 2018 hóf samráðshópurinn starf sitt en honum var ætlað að koma með tillögur að nýju framfærslukerfi almannatrygginga. Hópurinn hélt 23 fundi á tólf mánaða tímabili. Öryrkjabandalag Íslands og ASÍ neituðu að skrifa undir skýrslu til félags- og barnamálaráðherra og varð niðurstaðan sú að einungis formaður samráðshópsins, Guðmundur Páll Jónsson, skrifaði undir. Fimm bókanir fylgdu skýrslunni en ASÍ, BSRB og BHM sameinuðust um sína bókun. ÖBÍ, Þroskahjálp, Flokkur fólksins og VG skiluðu bókun hvert fyrir sig.

Meginniðurstaða samráðshópsins var að leggja til breytta uppbyggingu greiðslna almannatrygginga. Sú breyting styður þá framtíðarsýn stjórnvalda að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinga með skerta starfsgetu, með því að skapa þeim skilyrði til að lifa sjálfstæðu lífi á eigin forsendum. „Lagt er til að greiðslur almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu skiptist í sjúkragreiðslur, endurhæfingagreiðslur, virknigreiðslur og örorkulífeyri. Auk þess standi einstaklingum með skerta starfsgetu til boða sveigjanleg störf þegar ástand þeirra er orðið stöðugt og varanlegt og aðstæður þannig að þeir þarfnist aðstoðar á vinnumarkaði. Með sveigjanlegum störfum er átt við að atvinnurekendur greiði laun í samræmi við vinnuframlagið en af hálfu ríkisins komi framlag til viðbótar launum."

Álit ÖBÍ er að þörf sé á að gera breytingar á almannatryggingakerfinu sem miði að því að einfalda það og aðlaga að þörfum þeirra sem á það treysta. Það sé hinsvegar ótækt að ráðast í þær breytingar með starfs-


RUV


MÖ


IKH



EK

1. *og* ***2.*** *Hungurganga á Austurvelli 2019.*
3. *Fundur verkalýðsfélaga og ÖBÍ í febrúar 2019.*
4. *Frá málþingi ÖBÍ „Frá stjórnarskrá til veruleika".*


EK


EÓ

„Stjórnvöld brjóta gegn réttindum örorku-lífeyrisþega og stjórnmálamönnum er alveg sama“

„Í dag er strípaður örorkulífeyrir 70 þúsund krónum lægri en lágmarkslaun og það er ferlega vond staðreynd“

„Samfélag okkar refsar þeim sem veikjast“

„Erum að dæma fólk í fátækt“

„Formaður ÖBÍ segir að kerfið refsi fólki fyrir veikindi og fötlun og það verði að bæta kjör öryrkja með hærri lífeyri“

getumat til grundvallar, enda hafi upptaka þess í öðrum löndum hvergi lukkast heldur hafi beinlínis komið harkalega niður á fjárhag fatlaðs og langveiks fólks. Af þeirri ástæðu skrifaði ÖBÍ ekki undir skýrsluna þar sem hún grundvallast á starfsgetumati. Þá er með öllu óljóst hvernig samspili almannatryggingakerfisins og íslensku lífeyrissjóðanna verði háttað.

Sigrar og vonbrigði í baráttunni

Enn um krónu á móti krónu

Lengi og einarðlega hefur verið unnið að því að fá stjórnvöld til að afnema krónu á móti krónu skerðinguna, þ.e. taka út 100% skerðingu á sérstaka framfærsluuppbót vegna atvinnutekna. Halldóra Mogensen þingmaður Pírata, lagði fram frumvarp til laga sem fól í sér afnám uppbótarinnar 2018. Málið fór til velferðarnefndar 24. september það ár, þar sem það hefur setið fast síðan.

Félags- og barnamálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um félagslega aðstoð og lögum um almannatryggingar (framfærsluuppbót og meðferð atvinnutekna) á síðustu dögum vorþings 2019 þar sem kveðið var á um að dregið yrði úr skerðingunni um 35 aura. Frumvarpið varð að lögum 18. júní 2019. Í lögunum segir að dregið verði úr tekjutengdri skerðingu örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega þannig að hún nemi sextíu og fimm aurum á móti hverri krónu sem lífeyrisþegar afla sér, í stað krónu á móti krónu eins og var.

Það má því segja að nú sé króna á móti krónu skerðing ekki lengur til staðar, í stað þess er gefinn afsláttur af skerðingunni um 35 aura. Þannig að í stað 100% skerðingar á sérstöku framfærsluuppbótinni gagnvart atvinnutekjum er nú 65% skerðing. Örorkulífeyrisþegar mega því enn um sinn kaupa sig inn á atvinnumarkaðinn. Ekki er enn ljóst hvort eða hvernig þessi uppbót verður að fullu afnumin. Það að stjórnvöld hafi ekki gengið hreint til verks og afnumið skerðinguna að fullu er Öryrkjabandalaginu mikil vonbrigði.

Lög um almannatryggingar

Þær breytingar urðu á lögum um almannatryggingar að TR skuli taka tillit til atvinnutekna mánaðarlega í stað þess að horfa heilt ár aftur í tímann og senda fólki hugsanlega bakreikning í árslok. Ef um skerðingu er að ræða þá kemur hún strax til framkvæmda. Ánægjuefni er að bakreikningar vegna atvinnutekna öryrkja verði aflagðir, þar sem að nú verði samtímakeyrsla vegna atvinnutekna tekin upp. Lagabreytingin er afturvirk til 1. janúar 2019 en kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 vegna tekna ársins 2019.

1. *Frá málþingi ÖBÍ „Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?“*
2. *Frá aðalfundi ÖBÍ 2018.*

Skattleysi uppbóta

Í árslok 2018 varð frumvarp um skattleysi uppbóta að lögum (uppbætur á lífeyri undanþegnar skattlagningu). Þetta þýðir að uppbætur á lífeyri vegna framfærslubyrðar og uppbót vegna reksturs bifreiðar, er undanþegin skatti frá 1. janúar 2019.

Upphaflega kom þetta mál frá ÖBÍ og því er afar ánægjulegt að það hafi fengið góðan endi. Þó upphæðir séu ekki háar þá skiptir þetta máli, sér í lagi fyrir þá sem hafa lága framfærslu auk þess sem greiðslurnar skerða ekki lengur aðrar greiðslur.

Fjárlög aftur og aftur

Í lok desember 2018 voru fjárlög 2019 samþykkt. Engar hækkanir umfram lögbundnar voru í kortunum, en það ótrúlega gerðist að á milli 2. og 3. umræðu ákváðu stjórnvöld að taka 1,1 milljarð af því sem fyrr hafði verið úthlutað til málaflokks örorku og fatlaðs fólks. ÖBÍ mótmælti kröftuglega sem bar þann árangur að stjórnvöld lofuðu að þessi milljarður yrði settur aftur inn seinna. Í marslok kynnti fjármála- og efnahagsráðherra fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Hann sagði áætlunina endurspegla sterka stöðu og festu í stjórn opinberra fjármála.

Nokkuð ljóst var að þær fjárhæðir sem ætlaðar voru í málaflokkinn myndu ekki duga til að bæta kjör, afnema krónu á móti krónu skerðinguna og breyta almannatryggingakerfinu. Aðeins tveimur mánuðum síðar eða í lok maí voru breytingatillögur á fjármálaáætlun kynntar, en vegna gjaldþrots WOW, loðnubrests og minnkandi ferðamannastraums, töldu stjórnvöld ástæðu til að bregðast við. Endurskoðuð fjármálaáætlun gerði í upphafi ráð fyrir að skerða fyrri tillögu um fjárframlög til málaflokks örorku og fatlaðs fólks um 8 milljarða. Þetta þýddi að áliti ÖBÍ að enn yrði þessi hópur að herða sultarólina og ljóst að kjör yrðu ekki bætt. Unnið var ötullega að því að fá þessu breytt og fór það svo að endanleg fjármálaáætlun gerði ráð fyrir 4,5 milljarða lækkun í stað 8.

Búsetuskerðingar

ÖBÍ sendi inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna útreiknings TR á skerðingum örorkulífeyris til þeirra sem búið hafa hluta úr ævi erlendis. ÖBÍ taldi að útreikningur TR bryti í bága við íslensk lög og samræmdist ekki EES reglugerð um almannatryggingar. Umboðsmaður Alþingis skilaði sínu áliti í júní 2018 þess efnis að þessar skerðingar TR væru ólögmætar. Í desember 2018 viðurkenndi velferðarráðuneytið að TR bæri að fara eftir lögum og endurreikna og greiða það sem upp á vantaði. Um miðjan maí 2019 hóf TR ferlið að endurreikna greiðslur til þeirra rúmlega eitt þúsund örorkulífeyrisþega áttu rétt á leiðréttingu, en TR skipti þeim

1.*, *3. *og* ***4.*** *Frá aðalfundi ÖBÍ 2018.*
2. *Frá 1. maí 2019.*


EÓ


SA


EÓ


EÓ


Silja

upp í fjóra hópa. TR telur sig hugsanlega geta klárað tvo hópa á árinu 2019 en að meiri tíma þurfi til að endurreikna þá tvo hópa sem eftir verða og það muni mögulega ekki nást að endurreikna þá fyrr en seint á árinu 2020.

Stjórnvöld hafa gefið það út að leiðrétt verði fjögur ár aftur í tímann en ÖBÍ krefst þess að TR leiðrétti tíu ár aftur í tímann.

Sennilega þarf að höfða dómsmál vegna þess. Framundan er því að fylgja stíft eftir þessum málum.

1. maí

Undirbúningur 1. maí göngu ÖBÍ var snarpur og hvíldi á herðum Málefnahóps ÖBÍ um kjaramál í ár eins og áður. Fjölmenni gekk og rúllaði undir yfirskriftinni „Þrautaganga öryrkja", með áritaða sorgarborða og kröfuspjöld ÖBÍ frá Hlemmi að Ingólfstorgi. Ræðumenn dagsins voru þrír, Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands. Þuríður Harpa var fyrst á svið á Ingólfstorgi, en Efling deildi ræðutíma sínum með ÖBÍ. Þar með var brotið blað í sögu þessa dags, en aldrei áður hefur formaður Öryrkjabandalagsins haldið fyrstu ræðu á 1. maí. Inntak ræðu Þuríðar Hörpu var, að enginn velur að veikjast, fatlast eða fæðast fatlaður, örorka er ekki val neins. Hinsvegar er það pólitískt val að halda örorkulífeyrisþegum í fátækt. „Krafa okkar er, að ef við veikjumst, fötlumst eða fæðumst fötluð, fáum við SAMT að eiga mannsæmandi líf".



Silja


RÚV

Stærstur hluti örorkulífeyrisþega hefur verið eða er á vinnumarkaði. Verkalýðsfélögin verða æ meðvitaðri um að verja þarf réttindi fólks sem hafa verið félagar í stéttarfélögum. Barátta öryrkja og verkalýðsforystunnar liggur því saman.

Kjaraviðræður

Öryrkjabandalagið hefur eflt samskipti við verkalýðs- og stéttarfélög og átt reglulega fundi með forsvarsmönnum þeirra. Samtal ÖBÍ, stéttarfélaganna og ASÍ miðaði að því að þessir aðilar tækju örorkulífeyrisþega með í kjaraviðræður sem stóðu yfir á starfsárinu og reyndu þá að hafa áhrif á skerðingar og lága framfærslu. Því miður náðist það markmið ekki, en vissulega mun skattalækkun í neðsta tekjuþrepi gagnast örorkulífeyrisþegum auk þess sem húsnæðismál og barnabætur gagnast þeim hópi líka.



Silja

Frá 1. maí 2019. ***1.*** *Formaður ÖBÍ og formaður Eflingar á ræðupalli.* ***2.*** *og* ***4.*** *Frá kröfugöngu ÖBÍ.*

3. *Mannfjöldi á Ingólfstorgi.*

Skýrsla vegna fjölgunar öryrkja

Árið 2018 lét velferðarráðuneytið (nú félagsmálaráðuneytið) KPMG vinna greiningu um þróun örorku til ársins 2030. Skýrslan er enn til umfjöllunar innan ráðuneytisins. ÖBÍ taldi nauðsynlegt að fá álit sérfræðings á skýrslunni og var Kolbeinn Stefánsson hagfræðingur, fenginn til að vinna greinargerð um fjölgun örorkulífeyrisþega frá árinu 2008 til ársins 2030. Í stuttu máli eru niðurstöður hans aðrar en KPMG. Greiningar Kolbeins byggja á tölum úr mælaborði TR og úr töflum á vef Hagstofu Íslands.

Gerð er grein fyrir fjölgun öryrkja á tímabilinu, bæði almennt og að teknu tilliti til mannfjöldaþróunar og breytinga á aldurssamsetningu íslensks þjóðfélags. Niðurstöðurnar benda til þess að margt hafi verið ofsagt um fjölgunina. Skýrslu Kolbeins má nálgast á vef ÖBÍ.


Silja

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

EDF vinnustofur í Reykjavík

Dagana 17. og 18. janúar 2019 hélt ÖBÍ í samvinnu við EDF (European Disability Forum) vinnustofur, sem vörðuðu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).



LÞ

Fyrri daginn var aðildarfélögum ÖBÍ og öðrum hagsmunafélögum um réttindi fatlaðs fólks boðið ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rannsóknasetri í fötlunarfræðum. Deginum var varið í fræðslu um meginreglur SRFF, um sérfræðinefnd SRFF sem m.a. tekur að sér að fara yfir skýrslur stjórnvalda um framkvæmd, eftirlit og innleiðingu SRFF og skuggaskýrslur hagsmunaaðila. Vinnustofu dagsins lauk með hópavinnu þar sem farið var yfir hvernig best sé að vinna að skuggaskýrslugerð. Eftir vinnustofu dagsins var farið með erlendu gestina í heimsókn til forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar þar sem rædd voru réttindi og málefni fatlaðs fólks.


Silja

Seinni daginn var starfsmönnum ráðuneyta og félagsþjónustu boðið auk borgar- og sveitarstjórnarfulltrúa. Áhersla dagsins var á þátttöku fatlaðs fólks og samráð þess í stefnumarkandi málum. Fjögurra manna pallborð fór yfir stöðuna hvað þátttöku og samráð varðar og hvernig megi enn frekar bæta það. Deginum lauk með hópavinnu.

Sumarskóli um SRFF í Galway

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er lykilþáttur í öllu starfi ÖBÍ. Mikilvægt er að þeir sem starfa innan bandalagsins þekki vel til hans og hvernig hann nýtist í hagsmunabaráttunni. Til að auka þekkingu á SRFF hefur ÖBÍ, frá árinu 2014, styrkt árlega


ÞB

1. *til* ***3.*** *Frá vinnustofu ÖBÍ og EDF í janúar 2019.*
4. *Frá sumarskóla um SRFF í Galway, Írlandi.*


ÞB


ÞH


ÞH


ÞH

fjölda einstaklinga úr aðildarfélögunum til þátttöku í sumarskóla um SRFF í háskólanum í Galway á Írlandi. Skólinn var haldinn að þessu sinni dagana 17.-21. júní 2019. Öryrkjabandalagið styrkti átta manns frá aðildarfélögum ÖBÍ til þátttöku að þessu sinni. Að auki tóku tveir starfsmenn skrifstofu þátt.

Almenn kynning var á ákvæðum samningsins, réttindum sem í honum felast og hvaða þýðingu hann hefur fyrir fatlað fólk. Meginþemað er mismunandi frá ári til árs og að þessu sinni var það fatlað fólk og réttur þess til fjölskyldulífs.

Undirbúningsnámskeið um SRFF

ÖBÍ bauð styrkþegum upp á námskeið um SRFF þann 4. júní 2019, í umsjón Rannveigar Traustadóttur, prófessors í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Fulltrúum í málefnahópum, aðildarfélögum, stjórn og starfsfólki ÖBÍ var einnig boðið. Námskeiðið var góður undirbúningur fyrir Galwayfara og aðra þá sem vildu kynna sér samninginn.

Ráðstefna ríkja sem eiga aðild að SRFF

Í júní ár hvert er haldin stór ráðstefna ríkja sem eiga aðild að SRFF, í húsi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) í New York. Ísland fullgilti SRFF í september 2016 og gerðist þar með eitt af þeim ríkjum sem eiga aðild að honum.

Í ár mætti formaður ÖBÍ fyrir hönd fatlaðs fólks á Íslandi á ráðstefnuna og af hálfu stjórnvalda mætti Þór Þórarinsson starfsmaður félagsmálaráðuneytisins. Dagskrá ráðstefnunnar var tileinkuð INCLUSION, hugtak sem hefur reynst erfitt að ná utan um á íslensku. Orðið „inngildur“ hefur verið notað þegar talað er um inclusive education, það er inngild menntun eða inngildur vinnumarkaður.

Í upphafi ráðstefnunnar lýsti aðalritari SÞ, António Guterres, í ræðu sinni yfir nýrri stefnu í starfsháttum SÞ innan stofnunarinnar sjálfrar, sem var að innleiða skyldi strax þau gildi samningsins sem litu að „inclusion“ á öllum stjórnstigum stofnunarinnar.

Til að vera sjálfri sér samkvæm þyrfti stofnunin að framfylgja þeirri stefnu sem hún boðar og sýna þar með fordæmi. Víst er að þetta er stórt markmið sem verður ekki uppfyllt á þessu ári né því næsta, en stefnan er skýr. Vilji stendur til þess að fatlað fólk starfi á öllum stjórnstigum SÞ, að aðgengi í víðustum skilningi þess orðs verði raunverulegt og að boðskapur SRFF verði alls staðar í heiðri hafður, jafnt í höfuðstöðvum SÞ sem öllum undirstofnunum. Einungis með því að sýna í verki að stofnunin framfylgi og haldi á lofti þeim gildum sem samningurinn kveður á um, getur hún haldið trúverðugleika og krafist aðgerða af hálfu aðildaríkjanna.

1. *Frá sumarskóla um SRFF í Galway.*
2. *til* ***4.*** *Frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um SRFF í New York.*

Fjölmargir hliðarviðburðir voru á dagskrá, t.d. má nefna að fulltrúar 45 aðildarríkja töldu fram í stuttu máli þann árangur sem þau höfðu náð frá árinu áður, 2018. Fyrir hönd Íslands talaði Þór Þórarinsson. Í boði Sviþjóðar var viðburður sem fjallaði um inngilda menntun, þá var viðburður þar sem fjallað var um samfélag fyrir alla, það er enginn er skilinn eftir. Finnar héldu minningarviðburð vegna Kalle Könkkölä sem lést seint á árinu 2018. Hann beitti sér sérstaklega fyrir aðgengismálum og var af mörgum talinn sameiningartákn fatlaðs fólks. Áhersla var lögð á að samvinna yrði höfð við fatlað fólk um málefni sem lyti að því.

Formaður ÖBÍ átti fund með Bergdísi Ellertsdóttur, sem var fastafulltrúi Íslands hjá SÞ í New York en er nú tekin við sendiherrastöðu Íslands í Washington DC af Geir H. Haarde. Þar var sammælst um að vinna að því að fleiri fulltrúar fatlaðs fólks á Íslandi mæti á ráðstefnuna 2020 þegar ljóst er hvert þema hennar verður. Mikilvægt er fyrir fatlað fólk að vera vel upplýst og hafa tengsl við baráttufélaga erlendis. Ráðstefna SÞ um réttindi fatlaðs fólks er án efa einn besti vettvangurinn til þess.

Formannafundir

Tveir formannafundir voru haldnir á tímabilinu. Sá fyrri var haldinn haustið 2018 þar sem voru m.a. kynntar fyrirhugaðar lagabreytingar til aðalfundar, álitsgerð vegna mismununar krónu á móti krónu skerðingar og framkvæmdaáætlun norden.org. Seinni fundurinn var haldinn snemma árs 2019. Málefni fundarins voru skýrsla formanns, kynning á drögum að siðareglum ÖBÍ og námskeiðið „Hlutverk og ábyrgð stjórna félagasamtaka". Almenn ánægja var með námskeiðið og óskað eftir fleiri gagnlegum námskeiðum.



1., ***2.*** *og* ***4.*** *Frá málþingi ÖBÍ „Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?"*
3. *Frá málþingi ÖBÍ „Frá stjórnarskrá til veruleika".*

















Málefnahópar og hreyfingar ÖBÍ

Málefnahópar bandalagsins fjalla um kjaramál, heilbrigðismál, aðgengismál, atvinnu- og menntamál, sjálfstætt líf og málefni barna.

Starf málefnahópanna er grundvöllur að málefnavinnu bandalagsins og gerir það mögulegt að vinna að mörgum málum á sama tíma. Valinn maður er í hverju rúmi og er vinna þeirra ómetanleg.

Öflugt starf var unnið í málefnahópum ÖBÍ síðastliðið ár. Á tímabilinu voru skrifaðar fjöldi greina auk umsagna um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og voru myndbönd gefin út, svo nokkuð sé nefnt. Á tímabilinu voru samanlagðir fundir málefnahópanna 92 auk sameiginlegra funda þar sem formenn málefnahópanna, starfsfólk þeirra, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mæta til að miðla upplýsingum á milli hópanna og stilla saman strengi.

Málefnahópar ÖBÍ hafa allir sem einn vakað yfir sínum málefnum og vegna þeirra gengur baráttan betur. Stjórn þakkar öllum þeim fjölmörgu aðilum sem tóku þátt í starfi málefnahópanna á starfsárinu og sérstakar þakkir fá þeir sem luku störfum á árinu.

Málefnahópar og hreyfingar ÖBÍ héldu sjö málþing og ráðstefnur veturinn 2018 til 2019. Hægt er að sjá upptökur af þeim á heimasíðu ÖBÍ, Vimeo og Youtube. Skýrslur um starfsemi málefnahópanna má sjá á bls. 32-37. Aðgengismál skipta aðildarfélög ÖBÍ miklu máli og því er ævinlega horft til aðgengis að ráðstefnusölum og þjónustu þegar staðsetningar eru valdar.



1. *til* ***4.*** *Frá ráðstefnu ÖBÍ og Hlutverks „Allskonar störf fyrir allskonar fólk“.*

Yfirlit yfir málþing ÖBÍ

Frá stjórnarskrá til veruleika
Málþing málefnahóps ÖBÍ um kjaramál. Haldið 26. september 2018 á Grand hóteli Reykjavík.

Er gætt að geðheilbrigði?
Málþing málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál. Haldið 20. nóvember 2018 á Grand hóteli Reykjavík.

Ungmennaþing ÖBÍ: Hvað finnst þér?
Þing málefnahóps ÖBÍ um málefni barna. Haldið 9. mars 2019 á Grand hóteli Reykjavík.

Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?
Málþing málefnahóps ÖBÍ um kjaramál. Haldið 19. mars 2019 á Grand hóteli Reykjavík.

Málþing Kvennahreyfingar ÖBÍ
Haldið 3. apríl 2019 á Grand hóteli Reykjavík.

Þjónusta í þróun – hvað gerir heilsugæslan fyrir þig?
Málþing málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál. Haldið 7. maí 2019 á Grand hóteli Reykjavík.

Allskonar störf fyrir allskonar fólk
Ráðstefna málefnahóps ÖBÍ um atvinnu- og menntamál og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun. Haldin 16. maí 2019 á Hilton Nordica.

Aðgengisátak ÖBÍ

Í apríl hrinti ÖBÍ af stað aðgengisátaki og voru tveir starfsmenn ráðnir til hálfs árs til að taka út aðgengi að opinberum byggingum á árinu 2019. Átakinu er ætlað að vekja athygli á þeim hindrunum sem fatlað fólk verður fyrir í samfélaginu. Aðgengisátakið hefur vakið þó nokkra athygli og má nefna að mbl.is skrifaði greinaflokk um aðgengismál á vefinn vorið 2019.



1., 2. *og* ***4.*** *„Allskonar störf fyrir allskonar fólk“, Bergur Þorri Benjamínsson, ráðstefnugestir.* ***3.*** *Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Guðrún Ósk Maríasdóttir, aðgengisátaki ÖBÍ 2019.*











Silja

Aftari röð, talið frá vinstri:
Hannes Ingi Guðmundsson, lögfræðingur, Þórdís Viborg, verkefnastjóri, Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmaður, Þórný Björk Jakobsdóttir, verkefnastjóri, Jóhanna Hermansen, þjónustufulltrúi, Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður, Kristín Margrét Bjarnadóttir, þjónustufulltrúi, Stefán Vilbergsson, verkefnastjóri, Margrét Ögn Rafnsdóttir, verkefnastjóri og Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fremri röð, talið frá vinstri:
Sigríður Hanna Ingólfsdóttir, félagsráðgjafi, Aðalsteinn Sigurðsson, lögmaður, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður og Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi.

Á myndina vantar:
Báru Brynjólfsdóttur, lögfræðing, Jón Þór Víglundsson, fjölmiðlafulltrúa, Þorberu Fjölnisdóttur, verkefnastjóra, Ölmu Ýr Ingólfsdóttur, lögfræðing, Guðríði Ólafs Ólafíudóttur, þjónustufulltrúa, Guðrúnu Ósk Maríasdóttur, aðgengisátaki og Margréti Lilju Arnheiðardóttur, aðgengisátaki.

Skrifstofa ÖBÍ

Skrifstofa ÖBÍ sinnir fjölbreyttum verkefnum sem hafa þróast og breyst á undanförnum árum. Skrifstofunni er skipt upp í þrjár starfseiningar sem starfa mikið saman að ýmsum verkefnum:

1. Stoðþjónusta og almannatengsl
2. Verkefnastjórnun
3. Ráðgjöf og lögfræðiþjónusta

Þegar auglýst er eftir starfsfólki, er fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu hvatt til að sækja um. Ráðið er í hlutastörf eftir því sem kostur er. Sveigjanleiki í starfi er mikilvægur liður sem er veittur þegar því verður við komið. Starfsmenn skrifstofu voru sextán talsins í 12,8 stöðugildum í ágúst 2019. Að auki voru tveir starfsmenn ráðnir í aðgengisátak ÖBÍ í 6 mánuði árið 2019.

Í desember 2018 fékk starfsfólk skrifstofu fræðslu um vinnuaðstöðu og líkamsbeitingu. Jafnframt var framkvæmd úttekt á vinnuaðstöðu hjá hverjum og einum og skýrsla gerð um stöðu mála. Þá var boðið upp á heilsufarsmælingar fyrir þá sem það vildu og var fólk ánægt með þessa nýbreytni.

Fræðsludagur starfsfólks var 12. apríl 2019. Veitt var fræðsla um ýmislegt er varðar öryggismál, heilsu og vellíðan á vinnustað.

Einstaklingsráðgjöf

Á skrifstofu bandalagins er veitt ráðgjöf lögfræðinga og félagsráðgjafa um ýmis réttindamál. Hægt er að panta viðtalstíma eða hringja í símatíma. Hin síðustu ár hefur ráðgjöfin þróast í auknum mæli í ráðgjöf með rafrænum hætti. Fyrirspurnum í tölvupóstum, í gegnum heimasíðu og Facebook síðu bandalagsins hefur fjölgað og fjölgar þeim oft í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar.

Málin sem koma inn á borð ráðgjafa eru mjög fjölbreytt. Algengt er að leitað sé ráðgjafar varðandi lífeyrismál, þjónustu sveitarfélaga, húsnæðismál, aðgengismál, fjármál og mál sem falla undir Sjúkratryggingar Íslands. Margir örorkulífeyrisþegar eru ósáttir við gríðarlegar tekjutengingar og skerðingar sem þeir verða fyrir sem eru mjög íþyngjandi og hamlandi og gera það að verkum að nær ómögulegt er fyrir fólk að auka ráðstöfunartekjur sínar og mæta óvæntum útgjöldum.

Óvenju mörg mál hafa komið á borð ráðgjafarinnar sem varða endurkröfur Tryggingastofnunar ríkisins (TR). Þar ber helst að nefna endurkröfur vegna dráttarvaxta sem einstaklingar hafa fengið greidda eftir að Reykjavíkurborg var dæmd til að greiða fólki aftur í tímann sérstakar húsaleigubætur sem leigði hjá Brynju hússjóði og öðrum hagsmunaaðilum sem leigja öryrkjum húsnæði.

Þá hefur málum fjölgað verulega sem snerta fólk sem búið hefur erlendis. Eftir álit umboðsmanns Alþingis, dags. 20. júní 2018, í máli nr. 8955/2016, var viðurkennt af hálfu ríkisins að framkvæmd TR við svokallaðan búsetuútreikning þeirra einstaklinga sem höfðu dvalið í öðru EES ríki, hafi verið ólöglegur. Ráðgjöfin hefur því þurft að takast á við fjölda slíkra mála.

Bæði þessi mál sýna fram á galla í kerfinu. Einstaklingar sem hafa verið beittir órétti, hafa fengið tjón sitt bætt með vaxtagreiðslum, t.d. með dráttarvöxtum, en þar sem slíkar vaxtagreiðslur teljast til tekna valda þær skerðingum á greiðslum sem ætlaðar eru til að tryggja einstaklingum framfærslu. Þetta er óviðunandi staða sem ÖBÍ hefur reynt að tryggja að komi ekki upp. ÖBÍ hefur því sent erindi til Félagsmálaráðuneytisins þar sem lögð er til lagaleg lausn sem tryggir að vextir af vangoldnum félagslegum greiðslum leiði ekki til lækkunar á framfærslugreiðslum frá TR eða öðrum opinberum aðilum.

„Formaður ÖBÍ ómyrkur í máli vegna tafa á endurgreiðslum ríkisins: Útgerðin þyrfti ekki að bíða svona lengi“

„Öryrkjar kalla eftir bættum lífskjörum“

„Formaður Öryrkjabandalagsins sakar stjórnvöld um ruddalega framkomu“

„Staða fatlaðra kvenna önnur en karla“



1. *Óformlegur fundur á göngum skrifstofu ÖBÍ.*







Dómsmál ÖBÍ

ÖBÍ rekur nokkur dómsmál sem eru mikilvæg prófmál í réttindabaráttu fatlaðs fólks og öryrkja. Ber helst að nefna mál sem varðar áhrif fjármagnstekna maka á bætur almannatrygginga, sem var flutt í Hæstarétti haustið 2018 en rétturinn féllst ekki á rök ÖBÍ í málinu. Því hefur verið skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Mál vegna áhrifa tekna maka á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, bíður nú meðferðar í Landsrétti. Mál vegna strangra skilyrða LÍN fyrir því að veita undanþágu frá afborgun námslána á grundvelli lágra tekna og annarra erfiðleika er einnig fyrir Landsrétti. Vorið 2019 ákvað stjórn ÖBÍ að höfða dómsmál vegna krónu á móti krónu skerðingarinnar og verður málið þingfest í Héraðsdómi strax að loknu réttarhléi. Þá hefur ÖBÍ höfðað mál gegn lífeyrissjóði til að freista þess að fá ógilta þá framkvæmd lífeyrissjóðanna að telja barnalífeyri frá TR sem tekjur sem leiða til lækkunar á greiðslum úr sjóðunum. Í undirbúningi eru fleiri mál sem varða framfærslugreiðslur. Rekin eru tvö dómsmál vegna búsetuskerðinga. Reynir þar enn á nokkur atriði en sérstaklega ber þar að nefna búsetuskerðingu framfærsluuppbótar sem að mati ÖBÍ hefur ekki lagastoð. Fyrirhugað er að láta reyna á rétt til þess að leiðréttingar nái 10 ár aftur í tímann í stað 4ra ára. Það sama á við um leiðréttingar sem Reykjavíkurborg gerði vegna sérstakra húsaleigubóta.

„ÖBÍ undirbýr málshöfðun á hendur ríkinu“

„Formaður ÖBÍ útilokar ekki dómsmál við ríkið“



Varaformaður, framkvæmdastjóri og formaður ÖBÍ.

Fjölmiðlaumfjöllun

Rödd okkar er sterkari en áður og heyrist víðar. Fjölmiðlar eiga þakkir skildar fyrir að hafa sýnt aukinn áhuga á málefnum ÖBÍ.

Mikil aukning varð á umfjöllun um ÖBÍ í fjölmiðlum samkvæmt talningu Creditinfo. Á fyrstu sex mánuðum 2019 birtust 450 fréttir í öllum miðlum sem varða bandalagið, sem er tvöföldun frá árinu 2018 þegar 223 fréttir birtust. Þar af kom Þuríður Harpa, formaður ÖBÍ fram nánast vikulega í sjónvarpi og útvarpi. Auk þess skrifaði hún tugi beinskeittra greina sem birtar voru á fréttamiðlum, heimasíðu ÖBÍ og Facebook.

Creditinfo mælir einnig vægi umfjöllunar á skalanum 1 – 5, þar sem 5 stendur fyrir mesta vægi. Vægi umfjöllunar um ÖBÍ er 2,9 sem telst nokkuð gott og segir okkur að fréttaflutningur af málefnum bandalagsins er markviss og nær athygli.

Flestar fréttir birtust á vefmiðlunum, eða tæplega 300. Þar er visir.is með 17% frétta, sem og midjan.is og mbl.is kemur þar rétt á eftir með 13% frétta. Töluverð umfjöllun er á útvarpsrásum Ríkisútvarpsins og af öðrum ljósvakamiðlum er Stöð 2 með liðlega fjórðung af allri umfjöllun um ÖBÍ. Bylgjan fylgir þar fast á eftir og Sjónvarpið birti rétt um 20% allra frétta af ÖBÍ í ljósvakamiðlum.

Samkvæmt Creditinfo eru heildartengingar á Facebook sem vísa beint í heitið, Öryrkjabandalag Íslands um 83 þúsund á þessu ári en voru tæplega 65 þúsund í fyrra.

ÖBÍ klifrar einnig hratt upp listann yfir fyrirtæki í umfjöllun fjölmiðla. Bandalagið hefur stokkið úr 142. sæti upp í 104. Herslumuninn vantar upp á að ÖBÍ komist inn á topp hundrað lista Creditinfo yfir fjölmiðlaumfjöllun.



1. *Formaður málefnahóps ÖBÍ um kjaramál, Hringbraut.*
2. *Formaður ÖBÍ í Kastljósi, RÚV.*

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2019



Þróun fjölda frétta árið 2019 samanborið við 2018.




ÞH


Silja


Silja


Silja

Útgáfa og miðlun

Fylgjendum ÖBÍ á Facebook fjölgaði um tæp 20% á tímabilinu og eru nú um 9.000 en voru 7.700 í ágúst árið 2018.

Við erum einstaklega heppin með fylgjendur á Facebook því stór hópur er mjög virkur í að deila fréttafærslum sem eykur líkur á að ná athygli almennings, fjölmiðla og stjórnvalda. Til dæmis var einni fréttafærslu ÖBÍ „Hvar eru nú málsvarar fatlaðs fólks í þessari ríkisstjórn?, viðbrögð Þuríðar Hörpu, formanns ÖBÍ við breyttri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2020-2024" deilt 320 sinnum og náði því að koma fyrir sjónir tæplega 50 þúsund Facebook notenda.

Frá sumrinu 2018 til 2019 voru birtar um 250 fréttir á heimasíðu ÖBÍ og þrjú vefrit gefin út. Vefurinn er mjög lifandi og eru þar m.a. birtar upptökur af málþingum og öðrum viðburðum úr starfinu.

Fjármál ÖBÍ

Frá árinu 2009 hafa tekjur ÖBÍ aukist jafnt og þétt að undanskildu árinu 2017. Af þeim sökum hefur bandalagið haft svigrúm til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem lögð er áhersla á hverju sinni. Gætt er varkárni í fjárhagsáætlanagerð þar sem tekjurnar koma nær eingöngu frá Íslenskri getspá og því erfitt að áætla þær fyrirfram. Rekstrarafgangur var á árinu 2018 auk þess sem aukaframlag kom frá Íslenskri getspá vegna góðrar afkomu félagsins og nutu aðildarfélögin, Brynja hússjóður og önnur fyrirtæki ÖBÍ góðs af því.

Sérstakir styrkir ÖBÍ

ÖBÍ úthlutar á hverju ári styrki til aðildarfélaga eftir ákveðnum reglum. Þá er sérstökum styrkjum úthlutað til annarra aðila sem vinna að ýmsum verkefnum sem tengjast hagsmunum fatlaðs fólks og öryrkja sem samræmast málefnum, markmiðum og stefnu ÖBÍ. Auglýst er eftir umsóknum í byrjun árs og er umsóknarfrestur til 15. mars.

Á árinu 2019 voru samtals 15 milljónir til úthlutunar. Af 31 verkefni sem sótt var um styrk fyrir hlutu 18 fjölbreytt og verðug verkefni styrk að þessi sinni.



1. *Morgunverk formanns ÖBÍ, greinaskrif.*
2. *til* ***4.*** *Frá afhendingu Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2018.*

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur

Styrkir úr Námssjóði Sigríðar Jónsdóttur eru veittir árlega til öryrkja, sem nýta hann m.a. til náms í HÍ, til námskeiða eða annarrar menntunar. Sjóðurinn er sérstaklega mikilvægur fyrir þá sem geta ekki sótt um styrk til stéttarfélags. Árlega sækja fjölmargir um styrk og hefur ÖBÍ styrkt sjóðinn síðustu ár til að mæta þessum þörfum. Á árinu 2018 nam heildarupphæð styrkja samtals 2.540.000 kr. og voru einstakar styrkupphæðir á bilinu 19.000 kr. - 55.000 kr. Auglýst er eftir umsóknum í mars/apríl í dagblöðum, á heimasíðu ÖBÍ og á Facebook. Sótt er um styrki í gegnum heimasíðu ÖBÍ og fer úthlutun fram í júní.

Hvatningarverðlaun ÖBÍ

Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands voru veitt í tólfta skipti við hátíðlega athöfn þann 3. desember 2018. Verðlaunin hafa verið veitt í tengslum við Alþjóðlegan dag fatlaðs fóks sem er sama dag. Sú nýbreytni var tekin upp að veita verðlaun í fjórum flokkum í stað þriggja. Flokkurinn sem bættist við var „verkefni innan aðildarfélaga ÖBÍ". Þá var verðlaunagripnum breytt og hönnuðurinn Þórunn Árnadóttir notaði litað tré í stað plasts í gripina. Tókst henni það afar vel og eru verðlaunagripirnir mjög fallegir. Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson verndari Hvatningarverðlaunanna afhenti verðlaunin. Sjá nánar um Hvatningarverðlaunin bls. 39.



***1.** til **4.** Frá afhendingu Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2018.*


Silja


Silja


Silja


Silja



Aftari röð talið frá vinstri:
Lilja Þorgeirsdóttir, ÖBÍ, Þórný Björk Jakobsdóttir, ÖBÍ, Susanne Broman, Ålands Handikappförbund, Álandseyjum, Mark Sinclair Fleeton, aðstoðarmaður, Jónvør Christiansen, MEGD, Færeyjum, Julia H. Kristine Hincu Isaksen, túlkur, Eva Buschmann, Funktionshemmedes Fellesorganisasjon, Noregi, Salvör Aradóttir, túlkur og Tóra vid Keldu, MEGD, Færeyjum.

Fremri röð talið frá vinstri:
Kristine Reimer, KNIPK, Grænlandi, Hans Reimer, KNIPK, Grænlandi, Sif Holst, De danske Handikaporganisationer, Danmörku og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, ÖBÍ.

Norrænt samstarf

Handikapporganisationernas nordiska råd (HNR).

HNR er samstarfsvettvangur heildarsamtaka fatlaðs fólk á Norðurlöndum og eru formaður og framkvæmdastjóri fulltrúar ÖBÍ í ráðinu. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

Ísland fer með formennsku í ráðinu 2019-2020.

Fundur HNR á Íslandi 25. og 26. mars 2019.

Fundur HNR var haldinn dagana 25. og 26. mars 2019 í Reykjavík. Þangað mættu formenn eða fulltrúar þeirra og framkvæmdastjórar regnhlífasamtaka fatlaðs fólks á Norðurlöndunum. Á dagskrá var meðal annars kynning á vinnumarkaðnum á Íslandi fyrir fólk með skerta starfsgetu. Fjallað var um aðgerðir stjórnvalda til að efla atvinnuþátttöku sem hafa gefist vel, aðgerðir sem ekki hafa skilað tilætluðum árangri og tillögur gerðar að nýjum aðgerðum. Fulltrúar Norðurlandanna sögðu frá stöðunni í sínum löndum. Þá var rætt um nýstofnuð grænlensk regnhlífasamtök, NIIK, og aðkomu þeirra að HNR en í dag eru það grænlensku samtökin KNIPK sem eru aðilar að HNR með tvo fulltrúa. Tillaga um að NIIK fengi einn fulltrúa í HNR og að fulltrúa KNIPK myndi fækka um einn var samþykkt. Fundinum lauk með heimsókn til forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar sem tók afar vel á móti hópnum á Bessastöðum með kaffi og pönnukökum.

Rådet för nordiskt samarbete om funktionshinder (RNSF)

RNSF er ráðgefandi og stefnumarkandi ráð varðandi málefni fatlaðs fólks fyrir Norrænu ráðherranefndina og samstarfsaðila hennar. Í ráðinu sitja fulltrúar öryrkjabandalaga frá öllum Norðurlöndunum ásamt starfsfólki ráðuneyta. Þessum fundum er ætlað að upplýsa hvað ber hæst í hverju landi og eru þeir gríðarlega mikilvægir og upplýsandi.

Fundur RNSF var haldinn dagana 26.-28. mars 2019 í Reykjavík. Umfjöllunarefni fundarins var m.a. menntun fatlaðra barna og ungmenna, samskipti stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks.

Í lokin sóttu ráðsfundarfulltrúarnir ráðstefnu um geðheilbrigði barna sem haldin var af Velferðarráðuneytinu á Grand hóteli.

Vinnufundur norræna evrópuráðsins

Formaður ÖBÍ var beðin um að taka þátt í og vera með kynningu á vinnufundi norræna evrópuráðsins „Svæði fyrir alla – samstarf um fötlun", sem haldinn var í Brussel 19. nóvember 2018. Fundinum var skipt upp í kynningar og hópaumræður og rætt um hvað Norðurlönd geti sameinast um að vinna að á næstu árum. Niðurstaðan var algild hönnun, atvinnumál og menntun.

Nordens Välfärdscenter (NVC) heldur utan um niðurstöður fundarins.




MÖ


LÞ


LÞ


MÖ

1. *Hópmynd af RNSF fundafulltrúum.*
2. *Fundur með ÖBÍ og MEGD systursamtökum ÖBÍ í Færeyjum.*
3. *og* ***4.*** *Frá HNR fundi í Reykjavík.*









Evrópusamstarf 2018-2019

ÖBÍ tekur þátt í starfi Evrópusamtaka fatlaðs fólks, European Disability Forum (EDF) og var formaður ÖBÍ kosinn í stjórn EDF í maí 2018. Þrír fundir voru haldnir á tímabilinu 2018-2019. Stjórnarfundur var haldinn í Vín í Austurríki 16.-18. nóvember 2018. Annar stjórnarfundur var 22.-24. mars 2019 í Búkarest í Rúmeníu. Aðalfundur EDF var haldinn í Brussel 31. maí -2. júní 2019.

Á stjórnarfundi EDF 16.-18. nóvember 2018 komu m.a. fulltrúar frá Microsoft, Facebook, Google o.fl. Þeir fjölluðu um það hvernig tækninýjungar og lausnir í tölvuheiminum gætu gagnast fötluðu fólki og öllum öðrum. Ræddar voru ógnanir og tækifæri í þessum geira.

Evrópskt fötlunarkort er að komast í gagnið og var mikið rætt um aðgengi í víðum skilningi þess orðs. Alls staðar er knúið á um að réttindi fatlaðs fólks séu virt og er SRFF hafður til grundvallar. Forseti EDF hvatti fatlað fólk til að mennta sig og taka þátt í pólitík á öllum sviðum, bæði innan og utan stjórnsýslunnar. Mikilvægt er að fá ungt fólk til að taka þátt.

Um áramót luku tveir fulltrúar frá Evrópu, þau Stig Langvad og Theresa Degener, starfi sínu fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þau hafa bæði unnið mikið starf í tengslum við SRFF og almennar athugasemdir við samninginn. Áhyggjuefni er að eftir brotthvarf Stig Langvad er enginn frá Norðurlöndunum í nefnd Sameinuðu þjóðanna um SRFF.

Á stjórnarfundi EDF í Búkarest 22.-24. mars 2019 var fjallað að stórum hluta um atvinnumál fatlaðs fólks í Evrópu en kastljósinu var beint að aðstæðum í Rúmeníu. Fundur ungliðahreyfingar EDF var haldinn á sama tíma og þar voru áherslumálin atvinnulíf og ungt fatlað fólk. Sat fulltrúi unglliði ÖBÍ þann fund.

Aðalfundur EDF var haldinn í Brussel 31. maí -2. júní 2019 og mættu formaður, varaformaður og fulltrúi kvennahreyfingar ÖBÍ á hann. Umræðuefni fundarins var m.a. aðgengilegar samgöngur, réttindi fatlaðs fólks, mannréttindi fatlaðs fólks innan Evrópu, valdefling fatlaðs fólks og lífsgæði fatlaðra kvenna.

Fjallað var um samstarf við samgöngufyrirtæki og tæknifyrirtæki, sem framleiða m.a. smáforrit sem gera ferðalög innan Evrópu aðgengilegri fötluðu fólki. Horft var til aðgengilegra samgangna, bíla, ferja og flugvéla. Fulltrúar fimm evrópskra fyrirtækja í almenningssamgöngum héldu framsögu. Allir lögðu áherslu á að aðgengi væri sem best fyrir alla að almenningssamgöngum. Þá var rætt um mikilvægi þess að þjálfa starfsfólk sem vinnur við þjónustu t.d. á lestarstöðvum og flugstöðvum til að það geti betur þjónustað fatlaða farþega. Fulltrúi Hermes, sem rekur tvo flugvelli á Kýpur sagði mikla áherslu hafa verið

__1.__Fulltrúi ungliðahreyfingar ÖBÍ (lengst til hægri) að afhenda viðurkenningu á EDF fundi í Búkarest. __2.__ Frá stjórnarfundi EDF í Búkarest. __3.__ Lyklaborð. __4.__ Varaformaður ÖBÍ, EDF aðalfundur í Brussel.

lagða á aðgengi á flugvöllunum þannig að allir nytu öryggis og virðingar. Punktaletur er víða og hægt að hlaða rafmagnshjólastóla. Afgreiðsluborð eru í mismunandi hæðum og innkaupakerrur framan á hjólastóla í boði. Mikil áhersla var lögð á aðgengileg salerni, skiptiaðstaða er hækkanleg og lækkanleg og miðuð að fólki í hjólastól með ungabörn. Hugsað er fyrir hita fyrir þá sem eru kulsæknir. Þá er sérstakt ferli fyrir fólk með einhverfu þannig að það geti farið í gegnum flugvöllinn á sem þægilegastan og einfaldastan hátt. Þá hefur starfsfólk flugvallanna fengið sérstaka þjálfun sem miðar að því að allir farþegar fái einstaklingsbundna þjónustu.

Á vinnustofu vegna Samnings um útrýmingu hvers kyns mismununar gegn konum (CEDAW) kom fram í máli Ana Peláez, fulltrúa EDF í CEDAW, að mikilvægt væri að styðja við fatlaðar konur sem starfa í vinnuhópum, nefndum og félagasamtökum. Markmiðin eru að auka lífsgæði fatlaðra kvenna. Til þess eru notaðar leiðir eins og virkur stuðningur og valdefling auk þess að hafa áhrif á stjórmálamenn.

Þakkir og lokaorð

Stjórn ÖBÍ þakkar starfsmönnum og öllum þeim sem sitja í nefndum og ráðum bandalagsins fyrir störf þeirra. Öflug þátttaka félagsmanna aðildarfélaganna í slíkum störfum er verðmætt fyrir bandalagið og gríðarlega mikilvæg til að ná árangri í baráttunni.

Í mörg horn hefur verið að líta á síðasta starfsári, sem sést best á skýrslunni hér á undan. Ljóst er að baráttan heldur áfram. Mörg brýn hagsmunamál bíða úrlausnar og gegnir ÖBÍ lykilhlutverki í því að þrýsta á og beita sér fyrir bættum kjörum fatlaðs fólks á Íslandi.






EDF


ÞH


ÞH

1. *Starfsmaður í flugstöð sem þjónustar fatlaða farþega.*
2. *Ana Peláez, varaformaður EDF.*
3. *og* ***4.*** *Frá aðalfundi EDF í Brussel.*

Umsagnir ÖBÍ

Árlega sendir skrifstofa ÖBÍ frá sér fjölda bréfa til opinberra aðila er varða málefni öryrkja, fatlaðs og langveiks fólks. Á eftirfarandi hluta bréfa, sem send hafa verið stjórnvöldum í formi umsagna og athugasemda, má sjá hve fjölbreytt málefnin eru sem varða ÖBÍ. Efni umsagna síðstliðið ár:

Til alþingis *(heiti máls ásamt málsnúmeri)*:

- **Aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna.**
  13. mál.
- **Almannatryggingar** (barnalífeyrir).
  12. mál.
- **Almannatryggingar** (hækkun lífeyris).
  844. mál.
- **Almannatryggingar** (afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna).
  24. mál.
- **Almannatryggingar** (afnám krónu á móti krónu skerðingar).
  54. mál.
- **Endurskoðun lögræðislaga.**
  53. mál.
- **Félagsleg aðstoð og almannatryggingar** (framfærsluuppbót og meðferð atvinnutekna).
  954. mál.
- **Félög til almannaheilla.**
  785. mál.
- **Fjárlög 2019.**
  1. mál.
- **Fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.**
  750. mál.
- **Fæðingar- og foreldraorlof.**
  154. mál.
- **Heilbrigðisstefna til ársins 2030.**
  509. mál.
- **Lögfesting Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**
  21. mál.
- **Lögræðislög** (fyrirframgefin ákvarðanataka).
  282. mál.
- **Ófrjósemisaðgerðir.**
  435. mál.
- **Ráðgjafanefnd um afnám stjórnsýsluhindrana til að greiða fyrir frjálsri för innan Norðurlandanna.**
  684. mál.
- **Réttur barna sem aðstandenda.**
  255. mál.
- **Sjúkratryggingar** (sálfræðimeðferð).
  513. mál.
- **Skattleysi launatekna undir 300.000 kr.**
  8. mál.
- **Skráning lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum.**
  25. mál.
- **Tekjuskattur** (afnám rúmmálsreglu og frístundahúsnæði).
  84. mál.
- **Tekjuskattur** (skattleysi uppbóta á lífeyri).
  108. mál.
- **Tekjuskattur** (uppbætur á lífeyri undanþegnar skattlagningu).
  335. mál.
- **Umferðarlög.**
  219. mál.
- **Ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga 2019** (tekjuskattur, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald).
  2. mál.
- **Þungunarrof.**
  393. mál.

Til ráðuneyta:

Til félagsmálaráðuneytis:

- Umsögn ÖBÍ um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (ákvörðun réttindahlutfalls örorkulífeyris) til umsagnar á samráðsgátt.
- Athugasemd. Viðmið fyrir uppbætur á lífeyri - hækkun tekju- og eignamarka.
- Athugasemd. Vöntun á félagslegu húsnæði fyrir fatlað fólk.
- Athugasemd. Fyrirhuguð úttekt á kjörum tekjulægstu hópa samfélagsins og tillögur til úrbóta í samræmi við samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar.
- Umsögn ÖBÍ um leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.
- Umsögn ÖBÍ um drög að leiðbeiningum um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Til heilbrigðisráðuneytis:

- Umsögn ÖBÍ um drög að frumvarpi til laga um breytingu á 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu.
- Umsögn ÖBÍ um breytingar á reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra til þjálfunar.

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:

- Umsögn ÖBÍ um drög að stefnu í almenningssamgöngum.

Til umhverfis- og auðlindaráðuneytis:

- Umsögn ÖBÍ um drög að (8.) breytingu á byggingarreglugerð.



Málefnahópur
um aðgengismál



Ingveldur Jónsdóttir

Málefnahópurinn hélt 15 fundi á tímabilinu, auk eins viðburðar sem var vel sóttur. Í ágúst 2018 stóð málefnahópurinn fyrir málþingi um akstursþjónustu fatlaðs fólks, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Velferðarráðuneytið. Um eitt hundrað manns sóttu málþingið, notendur jafnt sem þjónustuveitendur. SÍS ákvað í kjölfar málþingsins að veita sérstakan stuðning til þeirra sveitarfélaga sem eru fámenn og dreifbýl. Hópurinn hefur jafnframt fundað með stjórnmálamönnum, embættismönnum og ýmsum öðrum hagsmunaaðilum og sent út fjölda erinda og umsagna. Meðal þeirra sem hópurinn hefur hitt eru samgönguráðherra, Velferðarráðuneytið, umhverfis- og samgöngunefnd, Vegagerðin, Icelandair, Isavia, Strætó bs. og fulltrúa Þjóðleikhússins. Einnig voru haldnir fundir með Félagi íslenskra framhaldsskólakennara, Ferðamálaráði, Þroskahjálp, félagsmálastjórum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og borgarfulltrúum.

Frá sumri 2018 fram í mars 2019 hefur hópurinn staðið fyrir úttekt á aðgengi í strætó og á biðstöðvum. Tveir ungir menn gerðu þessa úttekt og lokaskýrsla þeirra kom út í mars 2019. Verkefnið var samstarf málefnahópsins og Strætó bs. með stuðningi Velferðarráðuneytisins. Fékk það til að mynda ágæta umfjöllun í þættinum Ísland í dag. Í kjölfarið átti sér stað samtal við stjórnvöld um úrbætur.



Málefnahópnum var falið að útfæra Aðgengisátak ÖBÍ 2019 og veita starfsmönnum þess stuðning og ráðgjöf. Átakið hefur fengið talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Auk þessa stóð málefnahópurinn fyrir skrifum greina í greinaflokk um aðgengi að upplýsingum í fjölmiðlum í mars 2019. Þrjár greinar birtust í Morgunblaðinu og á mbl.is og ein á kvennabladid.is um aðgengi að upplýsingum eins og textun í sjónvarpi, stafrænu aðgengi, aðgengi að námsgögnum og aðgengi að hinu opinbera.

Fyrir stefnuþing ÖBÍ í apríl 2019 fjallaði hópurinn um og lagði fram eftirfarandi málefni: Almenningssamgöngur, ferðaþjónustu fatlaðra, aðgengiseftirlit og -fulltrúa, aðgengi innandyra, textun í sjónvarpi og bílastæði, framboð á aðgengilegum íbúðum, upplýsingar og ferðamannastaði. Stefnuþing ÖBÍ valdi sem mikilvægustu málefnin, aðgengiseftirlit og -fulltrúa, auk þess voru eftirfarandi málefni sameinuð, annars vegar liðirnir almenningssamgöngur og ferðaþjónusta fatlaðra og hins vegar aðgengi að upplýsingum og textun í sjónvarpi.

Málefnahópur um aðgengi á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum, s.s. ferlinefnd Reykjavíkurborgar (nú aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar), undirbúningsnefnd fyrir Menningarnótt, notendaráði ferðaþjónustu Kópavogs, Almannarómi, endurskoðun leiðbeinandi reglna um akstursþjónustu fatlaðra og fagráði um umferðarmál. Hópurinn hefur einnig stofnað til samstarfs við Landlæknisembættið, Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu, Strætó bs., SÍS, Velferðarráðuneytið, Icelandair og Isavia um afmörkuð verkefni.

Samstarf er í mótun með Blindrafélaginu, Þroskahjálp og fleirum um bætt stafrænt aðgengi og aðgengi að upplýsingum.

Formaður, Ingveldur Jónsdóttir
Starfsmaður, Stefán Vilbergsson

Málefnahópur
um atvinnu- og menntamál



Sævar Pálsson

Málefnahópur um atvinnu- og menntamál hélt 15 fundi á tímabilinu. Hópurinn átti fundi með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Farið var yfir tillögur um starfsgetumat og haldinn sameiginlegur fundur með málefnahópi um kjaramál og unnar tillögur að breytingum á fyrirhuguðu starfsgetumati.

Norræna ráðherranefndin hélt málstofu hér á landi þann 15. nóvember 2018 um hvernig auka megi möguleika og tækifæri fatlaðs fólks til að sækja sér háskólamenntun erlendis. Hópnum var boðið að taka þátt í málstofunni, auk þess sem fulltrúi málefnahópsins tók að sér að flytja erindi.

Fundað var meðal annars með fulltrúum Vinnumálastofnunar og með fulltrúum Kvennahreyfingar ÖBÍ um atvinnumál fatlaðra kvenna. Einnig var fundað með Réttinda Ronju og Félagi íslenskra framhaldsskólanema.

Ný stefna Reykjavíkurborgar í atvinnumálum fatlaðs fólks og fólks með skerta starfsgetu var rýnd og fulltrúi borgarinnar kom á fund hópsins.

Málefnahópurinn stóð fyrir ráðstefnu um atvinnumál, Allskonar störf fyrir allskonar fólk. Rúmlega 170 manns sóttu ráðstefnuna, auk um 50 manns sem fylgdust með beinu streymi frá henni.

Fyrir stefnuþing ÖBÍ í apríl 2019 lagði hópurinn fjölda málefna. Lánasjóður, vinnusamningar öryrkja, hvatningakerfi, bætt aðgengi fatlaðra nemenda að framhalds- og háskólanámi, brottfall nemenda og aukin teymisvinna innan framhaldsskólanna með auknum fjölda sérfræðinga á sviðum t.d. félagsráðgjafar, sálfræði og talmeinafræði, fjölgun hlutastarfa, starfsgetumat og starfsmenntunarsjóður. Þrjú mikilvægustu verkefnin töldu fulltrúar stefnuþings vera að leggja áherslu á hvatningakerfi, bætt aðgengi að skóla og fjölgun hlutastarfa.

Hópurinn gerði á tímabilinu 10 myndbönd sem höfðu það markmið að sýna fjölbreytileika fólks með skerta starfsgetu. Til stendur að gera 10 myndbönd til viðbótar til sýningar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að hvetja atvinnurekendur til að auka tækifæri fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði.

Formaður, Sævar Pálsson
Starfsmaður, Þórdís Viborg



Málefnahópur um heilbrigðismál



Emil Thóroddsen

Málefnahópurinn hélt 15 fundi á tímabilinu og stóð fyrir þremur viðburðum. Málþing um geðheilbrigðismál var haldið 20. nóvember 2018 undir yfirskriftinni „Er gætt að geðheilbrigði?" Þann 27. mars 2019 var haldinn fundur með fulltrúum aðildarfélaga ÖBÍ um skýrslu um hjálpartæki og málþing um heilsugæsluna var haldið 7. maí 2019 undir yfirskriftinni „Þjónusta í þróun". Á annað hundrað manns mættu samtals á málþingin. Hópurinn hefur fundað tvisvar með heilbrigðisráðherra og fundað var með fulltrúum Velferðarráðuneytisins um stöðu framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks til fjögurra ára. Fundað var með Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar vegna málþings. Hópurinn vinnur að leiðbeiningum fyrir notendur um þjónustu heilsugæslunnar.

Fyrir stefnuþing ÖBÍ lagði hópurinn áherslu á greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu, hjálpartæki, heilsugæslu, greiðsluþátttöku vegna lyfja sem og ný lyf, lyfjaöryggi, tannlæknaþjónustu, læknisfræðilega endurhæfingu og geðheilbrigðismál auk ferðakostnaðar og Landspítala. Af þessum 10 málefnum lagði stefnuþing ÖBÍ megináherslu á greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu, geðheilbrigðismál og greiðsluþátttöku lyfja/ný lyf.



MÖ



GX

Málefnahópurinn hefur lagt mikið upp úr samtölum við ráðamenn og samstarfi um ákveðin verkefni. Auk þeirra funda sem að ofan eru greindir hefur verið samstarf við Háskóla Íslands um lokaverkefni nemenda um hjálpartæki og voru tvær ritgerðir á meistarastigi ritaðar. Fríða Rún Þórðardóttir hefur haldið utan um það samstarf sem áhugi er á að halda áfram með. Hópurinn kom því einnig til leiðar að heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp um hjálpartæki sem lauk störfum um áramótin 2018-2019. Málefnahópurinn átti fulltrúa í starfshópnum fyrir hönd ÖBÍ, Guðbjörgu Kristínu Eiríksdóttur. Á fundi með heilbrigðisráðherra í júní var komið á framfæri áherslum málefnahópsins um næstu skref stjórnvalda í hjálpartækjamálum. Stefanía Kristinsdóttir er fulltrúi málefnahópsins á samráðsvettvangi Landlæknisembættisins um Heilsueflandi samfélag og Heimsmarkmiðin. Stefanía tók einnig þátt í vinnustofu heilbrigðisráðuneytisins um geðheilsuteymi sem haldin var í maí. Stefán Vilbergsson er fulltrúi hópsins í starfshópi Samgöngustofu um öryggi fatlaðs fólks í umferðinni.

Formaður, Emil Thóroddsen
Starfsmaður, Stefán Vilbergsson

***1**. Málefnahópur ÖBÍ um heilbrigðismál.*
***2.** Frá málþingi ÖBÍ „Þjónusta í Þróun - Hvað gerir heilsugæslan fyrir þig".*

Málefnahópur um kjaramál



Rósa María Hjörvar

Frá því í september 2018 hefur hópurinn haldið 24 fundi og staðið fyrir tveimur viðburðum. Þann 26. september 2018 var haldið málþing undir yfirskriftinni „Frá stjórnarskrá til veruleika“ og 19. mars sl. var haldið málþing málefnahóps um kjaramál sem nefndist „Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?“

Auk þessara viðburða fundaði hópurinn með Eflingu stéttarfélagi um skattamál í október 2018 og tók þátt í undirbúningi fyrir 1. maí 2019 ásamt því að taka þátt í göngunni sjálfri.

Önnur helstu verkefni hópsins á tímabilinu hafa m.a. verið erindi til Umboðsmanns Alþingis, um framkvæmd 69. greinar laga um almannatryggingar. Hópurinn hefur sent fyrirspurnir til alþingismanna um þessa grein og kjaragliðnun síðustu áratuga í kjölfar umfjöllunar í Kjarnanum.

Í kjölfar málþingsins í september, „Frá stjórnarskrá til veruleika“ fengu þingmenn senda upptöku af málþinginu og bréf til að vekja athygli þeirra á málefninu.

Mikill tími hópsins fór í umræður um og að fylgjast með framvindu mála hjá fag- og starfshópum félagsmálaráðherra um breytingar á almannatryggingakerfinu. Starfsmaður faghóps um mótun og innleiðingu starfsgetumats hélt kynningu þar um fyrir hópinn. Skýrsludrög og tillögur samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga voru ítrekað ræddar á fundum málefnahópsins og gagnrýni og ábendingum við skýrsludrögin var komið á framfæri. Sameiginlegur fundur var haldinn með málefnahópi ÖBÍ um atvinnu- og menntamál um tillögur starfshópsins.

Hópurinn stóð fyrir átaki til stuðnings frumvarpi um afnám krónu á móti krónu skerðingar. Ummælum þingmanna um krónu á móti krónu skerðingu var safnað saman og þau birt á facebook síðu ÖBÍ. Óskað var sérstaklega eftir reynslusögum fólks af krónu á móti krónu skerðingu og þeim safnað saman.

Áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8955/2016 um búsetuhlutfallsútreikning TR var fylgt eftir og fundað með starfsmönnum Íbúðalánasjóðs um stöðu öryrkja á húsnæðismarkaði.

Kolbeinn Stefánsson hagfræðingur, hélt kynningu á skýrslu sinni: „Börn. Lífskjör og fátækt meðal barna á Íslandi” á sameiginlegum fundi með málefnahópi ÖBÍ um málefni barna. Kolbeinn var einnig fenginn til að skrifa skýrslu um fjölgun öryrkja.

Hópurinn vann ýmis önnur verkefni og þó sérstaklega í tengslum við fjárlög 2019 og fjármálaáætlun 2020-2024.

Formaður, Rósa María Hjörvar
Starfsmaður, Sigríður Hanna Ingólfsdóttir


EK


EK

1. *og* ***2.*** *Frá málþingi ÖBÍ „Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?“*

Málefnahópur
um sjálfstætt líf



Rúnar Björn Herrera

Aðalmarkmið hópsins náðist, það er lögfesting notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Aðaláherslumál hópsins hefur þess vegna verið að fylgjast með framkvæmd nýju laganna t.d. að sjá til þess að NPA samningum fjölgi og að réttindi einstaklinga sem fengu samninga séu virt. Unnið var að reglugerðum tengdum NPA með opinberum aðilum.

Málefnahópurinn hefur jafnframt verið að skoða framkvæmd sveitarfélaganna á skyldu þeirra að setja sér notendaráð. Ákaflega mikilvægt er að ráðin verði virk og nái sínum tilgangi. Einnig var unnið að réttindalöggjöf. Stefnt er að því að skila drögum að frumvarpi árið 2020.

Málefnahópurinn hefur verið virkur að þrýsta á stjórnmálamenn til að tryggja fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólk og lögfestingu samningsins.

Formaður, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Starfsmaður, Sigurjón Unnar Sveinsson

Ljósmynd: ENIL (European Network on Independent Living)



Málefnahópur um málefni barna



Elín Hoe Hinriksdóttir

Frá því í september 2018 fram í júní 2019 fundaði málefnahópurinn 19 sinnum og stóð fyrir einum viðburði. Hópurinn stóð fyrir Ungmennaþingi ÖBÍ, „Hvað finnst þér?" Þetta var fyrsti viðburður ÖBÍ sérstaklega ætlaður börnum og ungmennum og var mæting nokkuð góð.

Málefnahópurinn hefur jafnframt tekið þátt í umfangsmikilli vinnu Félagsmálaráðuneytisins við að endurskoða alla þjónustu við börn. Hópurinn hefur fundað með ráðuneytinu og komið með ábendingar um það sem betur má fara. Fulltrúar hópsins hafa setið í fimm vinnuhópum á vegum ráðuneytisins þar sem unnið er að því að greina stöðu barna og koma með tillögur að lausnum. Sömu fulltrúar tóku þátt í vinnufundi þverpólitískrar þingmannanefndar í málefnum barna.

Fyrir stefnuþing ÖBÍ lagði hópurinn fyrir málefni um réttindi barna, menntamál, raddir barna, fræðsluhóp, þjónustu sveitarfélaga, frístunda- og tómstundaúrræði, foreldra fatlaðra og langveikra barna og menntun fagstétta í menntakerfinu. Stefnuþing valdi úr þessum verkefnum, sem þau mikilvægustu, verkefnin um réttindi barna, raddir barna og menntamál.

Fulltrúi hópsins tók þátt í gerð viðbótarskýrslu frjálsra félagasamtaka við skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Formanni og starfsmanni málefnahópsins var boðið á fund fyrir hagsmunaaðila hjá Umboðsmanni barna, þar sem unnið var að stefnumálum Umboðsmanns barna næstu ár.

„Börn passa ekki í kassa" grein eftir formann málefnahóps um málefni barna birtist í Fréttablaðinu. Málefnahópurinn fékk kynningu frá Kolbeini Stefánssyni hagfræðingi um skýrsluna„Lífskjör og fátækt barna á Íslandi" og stendur til að fá hann til að vinna frekari gögn upp úr skýrslunni varðandi fötluð börn og fatlaða foreldra.

Fulltrúi hópsins er í vinnuhóp á vegum ráðuneytisins við að útbúa leiðbeinandi reglur til sveitarfélaga varðandi frístundaþjónustu við fötluð börn.

Í öllum þeim fjölmörgu samtölum sem málefnahópurinn hefur átt við ýmsa aðila kom það berlega í ljós að bæta þarf stórlega aðgengi forráðamanna og barna að upplýsingum um réttindi þeirra. Ljóst er að þörf er á því að safna saman upplýsingum og setja á eina vefsíðu. Tveir þroskaþjálfanemar tóku það að sér að hefja þá upplýsingasöfnun sem BA verkefni sitt.

Formaður, Elín Hoe Hinriksdóttir
Starfsmaður, Þórdís Viborg



Silja

Kvennahreyfing ÖBÍ

Hreyfingin tók þátt í undirbúningi vegna kvennafrís 24. október 2018. Krafan var bæði um kjarajafnrétti og öryggi, til að fylgja eftir #MeToo.

Í kjölfar Klausturmálsins sendi hreyfingin frá sér yfirlýsingu til fjölmiðla, þar sem því var mótmælt að alþingismenn sem haldnir eru kvenfyrirlitningu og fordómum í garð fatlaðs fólks taki ákvarðanir um líf þess.



Kvennahreyfingin hélt málþing þann 3. apríl þar sem haldin voru erindi um fjölbreytt efni. Aðalfyrirlesari var dr. Lucy-Ann Buckley, dósent í lögfræði við NUI Galway (National University of Ireland).

Kvennahreyfingin hefur í fjölmörg ár tekið þátt í 8. mars sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Í ár var hins vegar tekin sú ákvörðun að vera ekki með, þar sem viðburðurinn var ekki haldinn í aðgengilegu húsnæði. Á vordögum var kvennahreyfingin með opið hús.

Grein um sögu og starf hreyfingarinnar birtist í tímariti Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní, sem gefið hefur verið út frá árinu 1951 og er með elstu tímaritum á landinu.

Innan hreyfingarinnar starfar stýrihópur sem fundar reglulega. Konur innan hreyfingarinnar sóttu málþing og ráðstefnur um málefni sem tengjast lífi fatlaðs fólks. Kvennahreyfing ÖBÍ heldur einnig úti virkri Facebook síðu, þar sem vakin er athygli á ýmsu því er snertir líf fatlaðra og langveikra kvenna.

Talskonur, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir og
Salóme Mist Kristjánsdóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjölnisdóttir

***1**. Starfsmaður Kvennahreyfingar ÖBÍ og Lucy-Ann Buckley, frá NUI, Háskóla Írlands.*
***2.** Freyja Haraldsdóttir, aðjúnkt og doktorsnemi.*

Ungliðahreyfing ÖBÍ

Starfsemi ungliðahreyfingarinnar var með rólegasta móti síðastliðið starfsár. Hópurinn hittist einu sinni á haustdögum og síðan aftur á aðventunni. Hreyfingin átti einn áheyrnarfulltrúa á aðalfundi ÖBÍ 2018.

Talskona, Áslaug Ýr Hjartardóttir
Talsmaður, Andri Valgeirsson
Starfsmaður, Halldór Sævar Guðbergsson

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2018


Silja

Hvatningarverðlaun ÖBÍ eru veitt þeim sem hafa með störfum sínum lagt sitt af mörkum fyrir „eitt samfélag fyrir alla". Verðlaunin eru veitt í tengslum við alþjóðlegan dag fatlaðs fólks sem er 3. desember ár hvert og árið 2018 voru þau veitt í tólfta sinn.

Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna fundaði fimm sinnum árið 2018 ásamt því að vera í miklum samskiptum sín á milli, er snéri að skipulagningu og öðru á samfélagsmiðlum. Alls bárust 67 tilnefningar til 37 aðila árið 2018 sem eru tólf fleiri tilnefningar en árið 2017.

Árið 2018 var flokknum „verkefni innan aðildarfélaga ÖBÍ" bætt við en þar bárust 12 tilnefningar vegna 8 verkefna. Ljóst er að hér er sóknarfæri fyrir aðildarfélög ÖBÍ því mörg þeirra vinna að mjög góðum verkefnum.

Dómnefnd verðlaunanna skipuðu þetta árið þau: Bergþór Pálsson, Birna Einarsdóttir, Gissur Pétursson, Jarþrúður Þórhallsdóttir og Wincie Jóhannsdóttir. Varamenn voru Karl Friðriksson, Líney Rut Halldórsdóttir og Þórir Þorvarðarson.

Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á Grand hóteli Reykjavík, þann 3. desember 2018. Veislustjóri á hátíðinni var Gísli Einarsson fjölmiðlamaður. Sjúkrahústrúðarnir kynntu starf sitt og stuttmyndin „Lífið á eyjunni" var kynnt af framleiðendum hennar.

Hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands verndari verðlaunanna veitti verðlaunin.

Formaður undirbúningsnefndar
Hvatningarverðlauna ÖBÍ, Fríða Rún Þórðardóttir
Starfsmaður, Kristín M. Bjarnadóttir

Hvatningarverðlaunahafar ÖBÍ 2018

Í flokki einstaklinga:
Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, fyrir baráttu sína fyrir málstað fatlaðs fólks og sér í lagi innleiðingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).

Í flokki fyrirtækja/stofnana:
Bataskóli Íslands, fyrir þátttöku í því að skapa úrræði fyrir þá sem þurfa stuðning við að koma lífi sínu í réttan farveg.

Í flokki umfjöllunar/kynningar:
Knattspyrnusamband Íslands fyrir ómetanlegan stuðning við kynningarátak Parkinsonsamtakanna Sigrum Parkinson.

Í flokki verkefna innan aðildarfélaga ÖBÍ:
MS-félag Íslands fyrir útgáfu sex fræðslubæklinga, MS-sjúkdómurinn er áskorun.

BRYNJA
Leigufélag

Stofnaður 1965 • Stöðugildi 13,75 • Stjórnarmenn 5

Virðing — **Samvinna** — **Búsetuöryggi**

BRYNJA Hússjóður ÖBÍ er sjálfseignarstofnun sem hefur átt og rekið félagslegt leiguhúsnæði fyrir öryrkja í meira en 50 ár. Um leið og reynt hefur verið að greiða úr vanda sem flestra hefur sjóðurinn fylgt þeirri stefnu að halda leiguverði eins lágu og frekast er kostur.

Rekstur

Rekstur ársins 2018 gekk vel eins og undanfarin ár. Rekstrartekjur voru samtals 990,3 m.kr., sem er aukning um 7,3% frá árinu áður. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld var 384,7 m.kr. samanborið við 390,7 m.kr. árið 2017. Heildareignir sjóðsins í árslok 2018 námu 24,3 milljörðum og eiginfjárhlutfall 76,1%. Framlag ÖBÍ nam 158 m.kr. árinu.

Íbúðir BRYNJU Hússjóðs

Íbúðir í árslok 2018 voru 805, þar af 654 á höfuðborgarsvæðinu, 477 í Reykjavík og 88 í Hafnarfirði. Fjölgun nýrra íbúða milli ára hefur þó dreifst um allt land.

Íbúðir Brynju Hússjóðs							
Ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fjöldi	724	751	752	781	785	806	805

Stofnframlög

Á árinu 2018 fengust engin stofnframlög, sem leiddi til þess að sjóðurinn keypti enga íbúð á árinu 2018, en sótt hafði verið um stofnframlög fyrir 135 íbúðir. Þótt fyrir liggi samkomulag við Reykjavíkurborg um stofnframlag til 27 íbúða hefur ríkið dregið að veita stofnframlag á móti og þar með komið í veg fyrir að hægt væri að hefja framkvæmdir.

Hátúnsreiturinn

Síðustu 10 ár hefur Brynja Hússjóður unnið markvisst að því að fækka íbúðum á Hátúnsreitnum og koma þannig til móts við þá stefnu um blandaða byggð sem samtök fatlaðs fólks hafa gert kröfu um. Alls hefur íbúðum í Hátúni 10, 10a og 10b verið fækkað um 50. Ef auka á byggingarmagn á þessum reit, eins og nú er fyrirhugað, er það skoðun stjórnar Brynju að slíkar framkvæmdir megi ekki ganga gegn stefnu ÖBÍ, sem m.a. kemur skýrt fram í Sáttmála SÞ um réttindi fatlaðs fólk.

Þjónustukönnun

Haustið 2018 lét BRYNJA Hússjóður framkvæma þjónustukönnun sem má nálgast á heimasíðu sjóðsins – www.brynjahus.is. Eins og í fyrri könnunum var niðurstaðan góð. Ánægja leigjenda virðist aukast með hverri könnun, sem Félagsvísindastofnun HÍ hefur séð um að framkvæma á fjögurra ára fresti frá árinu 2006.

Umsóknir um íbúðir

Stóraukin eftirspurn hefur verið eftir íbúðum hjá BRYNJU Hússjóði. Á biðlista voru í lok desember 2018 samtals 612 umsækjendur, sem er 27% aukning milli ára og margfalt fleiri en nokkru sinni fyrr. Biðtími eftir húsnæði heldur áfram að lengjast, langt umfram þau 1 til 2 ár sem hingað til hefur verið hægt að lofa. Í október 2018 neyddist stjórn sjóðsins til að loka fyrir nýjar umsóknir. Á meðan ríki og sveitarfélög axla ekki sína lögbundnu ábyrgð og halda að sér höndum um stofnframlög er alls óvíst hvenær aftur verður hægt að taka á móti nýjum umsóknum.

Stjórn BRYNJU Hússjóðs

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum aðilum:

- Garðar Sverrisson, formaður
- Emil Thóroddsen, ritari
- Arnþrúður Karlsdóttir, gjaldkeri
- María Óskarsdóttir
- Þórarinn Þórhallsson,
  tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu.

Hátún 10c • 105 Reykjavík • sími 570 7800
brynjahus@brynjahus.is • www.brynjahus.is
Formaður: Garðar Sverrisson • Framkvæmdastjóri: Björn Arnar Magnússon

FJÖLMENNT
FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Stofnuð 2002 • Starfsmenn 21 í mismunandi starfshlutfalli • Nokkrir verktakar (við kennslu og aðstoð)

Fjölmennt er símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með þroskahömlun, fólk á einhverfurófi og fólk með geðfötlun, frá 20 ára aldri. Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunardeild og ráðgjafardeild. Símenntunardeildin sér um námskeiðahaldið. Þar eru námskeiðin tvískipt, annars vegar námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi og hins vegar námskeið fyrir fólk með geðfötlun.

Fjölmennt starfar á landsvísu og gerir samninga við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði. Einnig eru gerðir samningar við nokkrar menntastofnanir á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða nám fyrir fullorðið fólk. Nám fyrir fólk með geðfötlun fer að mestu leyti fram utan húsnæðis Fjölmenntar en skipulagning og utanumhald er hjá Fjölmennt.

Hjá ráðgjafardeild Fjölmenntar starfa þrír ráðgjafar. Þeir veita ráðgjöf til nemenda Fjölmenntar og umboðsmanna þeirra og sjá um kennslufræðilega ráðgjöf. Einnig veita þeir öðrum símenntunaraðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk.

Markmið Fjölmenntar er að bjóða fötluðu fólki fjölbreytta símenntun og ráðgjöf varðandi nám. Jafnframt að stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið.

Á haustönn 2018 hélt Fjölmennt 141 námskeið yfir 69 daga. 408 þátttakendur sóttu námskeiðin. Auk þess voru haldin 39 jólanámskeið í desember þar sem 128 manns tóku þátt.

Gildi: Jafnræði, samskipan, virðing, fjölbreytni, fullgild þátttaka, metnaður, framþróun.



Vínlandsleið 14 • 113 Reykjavík • sími 530 1300
fjolmennt@fjolmennt.is • www.fjolmennt.is
Formaður: Gerður Aagot Árnadóttir • Forstöðumaður: Helga Gísladóttir

Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Stofnuð 1987 • Starfsmenn 24

Hringsjá er ætlað einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá getur líka hentað þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingarbæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðið er að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá.

Hringsjá er með þjónustusamning við Vinnumálastofnun og VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Kaupendur á árinu voru auk Vinnumálastofnunar og VIRK, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitarfélög og aðrir samstarfsaðilar.



Hringsjá er með European Quality Mark (EQM) gæðavottun en með vottuninni er staðfest að Hringsjá stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi á fullorðinsstigi. Hringsjá er með viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggir á lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi.

Starfsárið 2018 var afar annasamt og árangursríkt í marga staði. Tekist var á við fleiri verkefni og farsælu samstarfi haldið áfram við helstu samstarfsaðila.

Hringsjá tók þátt í verkefni á vegum Nordplus sem heitir „Hvordan får vi sårbare unge mennesker til at blive aktive, åbne og robuste; så de som voksne, selvforsøgende kan indgå i samfundet". Verkefnið hófst í Færeyjum í október 2017 og lauk í Danmörku í október 2018. Hringsjá er verkefnisstjóri í Erasmus Plus verkefni. Samstarfslönd eru Spánn og Tyrkland. Titill verkefnis er „Empowering adult's training: A guide for emotional management" (á íslensku Stuðningur við fullorðinsfræðslu: Handbók um tilfinningastjórnun). Verkefnið snýst um þróun kennsluefnis um tilfinningastjórnun og er ætlað kennurum í fullorðinsfræðslu. Verkefninu lýkur í október 2019.

Öryrkjabandalag Íslands stóð eins og endranær við bakið á starfseminni og veitti dyggan stuðning.

Árið 2019 var áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar.

Hátún 10d • 105 Reykjavík • sími 510 9380 • bréfsími 562 2843
hringsja@hringsja.is • www.hringsja.is
Stjórnarformaður: Halldór Sævar Guðbergsson • Forstöðumaður: Helga Eysteinsdóttir

Stofnuð 1986 • Starfsmenn 22

Tilgangur félagsins er að reka talna- og eða bókstafsgetraunir (lottó) í samræmi við lög nr. 26/1986 og reglugerð í því skyni að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSÍ og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða aðra starfsemi þess í þágu öryrkja.

Árið 2018 var afar gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá, það besta ef miðað er við veltu. Stöðugleiki í sölu og rekstri fyrirtækisins hefur verið einstaklega góður undanfarin ár. Þetta er nefnt hér sérstaklega vegna þess að rekstur sem þessi er almennt ekki svona stöðugur. Lottópottar hverrar viku lifa sjálfstæðu lífi, ef svo má segja, því að enginn veit hvort að þeir gangi út eður ei.

En með öflugu kostnaðareftirliti og lifandi markaðsstarfi hefur tekist að halda rekstrinum stöðugum.

Gríðarlega miklar breytingar hafa orðið á leikjamarkaði á undanförnum árum. Í raun sér ekki fyrir endann á þeirri öru þróun sem í gangi er. Íslensk getspá hefur staðið í stórræðum hvað endurnýjun á tækni og búnaði varðar. Frá ákvörðunartöku árið 2012 til dagsins í dag hefur fyrirtækið innleitt nýjar lausnir á hverju ári. Með skynsemi og útsjónarsemi hefur okkur tekist að fjármagna að fullu þessar miklu breytingar án þess að eignaraðilar hafi þurft að þola niðurskurð á framlögum. Nú á vormánuðum sér loks fyrir endann á þessu ferli þegar nýtt stjórnkerfi búnaðar verður innleitt. En erum við þá búin með þróun og fjárfestingar? Getum við hallað okkur aftur og farið að slappa af? Svarið er nei, það getum við ekki. Það er alveg ljóst að ef Íslensk getspá ætlar að halda áfram að vera í forystu á Íslandi með tæknilausnir fyrir krefjandi neytendur á happdrættismarkaði þá erum við alls ekki að fara að slappa neitt af. Framundan eru afar spennandi tímar. Sem dæmi um nýjar lausnir þá er verið að gera prófanir á raddstýrðum lottóleikjum og leikjum sem tengja má enn frekar við samfélagsmiðlana svo dæmi séu tekin um hina stafrænu byltingu. Stjórn Getspár og stjórnendur eru afar meðvituð um þýðingu þess að vera á tánum hvað tækni og þróun varðar. Áfram störfum við í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem yfirvöld láta erlenda ólöglega spilun algjörlega óáreitta á sama tíma sem fjölmargar Evrópuþjóðir hafa hert verulega á eftirliti með slíkri starfsemi og jafnvel lokað fyrir möguleika á að kaupa leiki þeirra.

Íslensk getspá hefur nokkur slagorð tengd leikjum fyrirtækisins. Gildi Íslenskrar getspár snúa að heiðarleika, trausti og gleði, samfara þátttöku neytenda í leikjum okkar og þakklæti til þeirra fyrir stuðning við stærstu fjöldahreyfingar á Íslandi.

Fulltrúar ÖBÍ í stjórn Íslenskrar getspár,
Bergur Þorri Benjamínsson og Þóra Þórarinsdóttir.



Engjavegur 6 • 104 Reykjavík • sími 580 2500
info@getspa.is • www.lotto.is
Formaður: Örn Guðnason • Framkvæmdastjóri: Stefán Konráðsson

TMF TÖLVUMIÐSTÖÐ
Tækni • Miðlun • Færni

Stofnuð 1985 • Starfsmenn 1

Aðildarfélög TMF Tölvumiðstöðvar eru Blindrafélagið, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) og Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ). Félögin eiga fulltrúa í stjórn TMF.

Stjórn TMF:
- Formaður, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, fulltrúi ÖBÍ
- Varaformaður, Baldur Snær Sigurðsson, fulltrúi Blindrafélagsins
- Ritari, Indriði Björnsson, fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar
- Meðstjórnandi, Helga Guðjónsdóttir, fulltrúi SLF
- Starfsmaður TMF er Sigrún Jóhannsdóttir.

Ráðgjöf, námskeið og fræðsla

Allir geta leitað til miðstöðvarinnar óháð skerðingu og aldri. Veitt er einstaklingsmiðuð ráðgjöf, fræðsla til minni hópa og haldin námskeið. Ráðgjöf er öllum að kostnaðarlausu. Helst er komið í ráðgjöf vegna einstaklinga með lesblindu, á einhverfurófi, með hreyfihömlun, þroskahömlun, eða samþætta fötlun. En einnig vegna mál- og talhamlana, ADHD og sértækra námsörðugleika.

Á hverju ári eru hönnuð ný námskeið í takt við strauma og stefnur hvers tíma. TMF bendir einnig á nýjungar og nýjar leiðir til að nýta búnað. Hægt er að óska eftir námskeiðum sniðnum að þörfum einstakra hópa.

Tekið er á móti nemum á öllum skólastigum, hvort sem er á stigi grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla.

Samstarfsverkefni

Starfsmaður TMF fékk boð árið 2014 um þátttöku í norrænu verkefni um velferðartækni á vegum Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar (NVC). Áframhald hefur verið á starfsemi hópsins og er umræðugrundvöllur hópsins fyrir árið 2019 um velferðartækni og einmanaleika. Hópurinn fundar tvisvar sinnum á ári. Skýrslur hópsins eru aðgengilegar til lestrar og niðurhals frá síðu NVC. Beinan tengil á efnið er að finna á síðu TMF undir Gagnlegt efni/Velferðartækni.

Starfsmaður TMF leitast við að svara öllum þeim beiðnum um ráðgjöf, fræðslu og kennslu sem berast. Sautján námskeið voru haldin í TMF og í skólum og stofnunum. Það námskeið sem var hvað vinsælast á tímabilinu var námskeiðið Talgervlar og tækni í lestri og ritun.

Stjórn ÖBÍ ákvað að styrkja TMF um þrjár milljónir af rekstrarafgangi ársins 2018. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 562 9494
sigrun@tmf.is • www.tmf.is
Stjórnarformaður: Rúnar Björn Herrera Þorkelsson • Framkvæmdastjóri: Sigrún Jóhannsdóttir

ÖRTÆKNI

Stofnuð 1976 • Starfsmenn 38

Nokkuð bakslag kom í rekstur Örtækni á árinu 2018. Stærsta einstaka vinnuverkefni sem fyrirtækið hefur haft til fjölda ára gekk Tæknivinnustofunni úr greipum vegna tæknibreytinga hjá viðskiptavini. Þetta verkefni hefur gefið góðar tekjur í mörg ár og byggist eingöngu á sölu á vinnu starfsmanna. Samfara tekjumissinum af verkefninu var verkefnastaðan erfið á árinu og erfitt að vera með of marga starfsmenn með of lítið að gera. Rekstrargjöld Tæknivinnustofu jukust mun meira en rekstrartekjurnar og nam tap á starfseminni 6,4 milljónum. Ræstingadeildin gekk vel eins og undanfarin ár. Rekstrartekjur Örtækni á árinu 2018 af seldum vörum og þjónustu voru 117,9 milljónir og framlag frá þjónustusamningi við Vinnumálastofnun 25,5 milljónir. Rekstrartekjur voru samtals 143,3 milljónir. Rekstrargjöld voru 152,8 milljónir, afskriftir og áfallið orlof. 4,6 milljónir og rekstrargjöld samtals kr. 156,2 milljón. Vaxtatekjur voru kr. 0,9 milljónir og tap ársins - kr. 11,1 milljón. Eigið fé Örtækni var kr. 54,5 milljónir í lok árs 2018. Stöðugildi starfsmanna voru að meðaltali 21 á árinu 2018.

Þó svo að tapast hafi stórt verkefni á árinu 2018 hafa komið inn önnur smærri verkefni sem bætt hafa verkefnastöðuna, en meira þarf að koma til svo hægt verði að halda uppi sama atvinnustigi og áður. Gerðar hafa verið ráðstafanir í rekstrinum á þessu ári 2019 til sparnaðar í rekstrargjöldum og þá helst launakostnaði, en engum fötluðum starfsmanni hefur verið sagt upp vegna þessara tímabundnu erfiðleika í starfseminni.

Mikil umræða hefur farið fram í stjórn Örtækni um verðgildi greiðslna frá þjónustusamningi við Vinnumálastofnun (VMST). Samningar standa yfir við VMST um bætur vegna vanefnda á greiðslum þjónustusamnings frá árinu 2013. Vanefndir áranna 2013-2018 nema kr. 12,8 milljónum og framlag ársins 2019 ætti að vera kr. 31,5 milljónir í stað kr. 25,5 milljóna. Vonast er til að samningar náist fljótlega við VMST um þessar greiðslur, en rýrnun á verðgildi greiðslna þjónustusamningsins hafa haft veruleg neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu Örtækni á árinu 2018, auk ofangreindra hremminga með verkefnastöðu Tæknivinnutofu.

Á árinu 2019 hefur framlag Örtækni frá VMST ekki hækkað neitt, en launakostnaður hækkaði um 5,7% 1. maí 2019. Þetta er sama vandræðaþróunin og átt hefur sér stað á undanförnum árum, þar sem framlög frá þjónustusamningi hafa ekki verið í neinu samræmi við hækkun launa. Haldi þessi þróun áfram mun starfsemi sem þessi ekki eiga framtíð fyrir sér á komandi árum.

Horfur í rekstri Örtækni á árinu 2019 eru betri en á fyrra ári eftir aðgerðir til minnkunar rekstrargjalda, en verkefnastaðan þarf að lagast hjá Tæknivinnustofunni með frekari fjölgun arðbærra verkefna sem henta starfseminni eða nýjum verkefnum á öðru sviði.



Hátún 10c • 105 Reykjavík • sími 552 6800
ortaekni@ortaekni.is • www.ortaekni.is
Stjórnarformaður: Magnús Pálsson • Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Jóhannsson

Stofnað 1988 • Félagsmenn 3.000

Markmið **ADHD samtakanna** er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi í samfélaginu, fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, bæti möguleika í námi og starfi og almenn lífsgæði. Samtökin sinna réttindagæslu, fræðslu- og ráðgjafarstarfsemi og sjá um fræðslu fyrir alla þá sem þess óska.

Slagorð: Skilningur skiptir máli – Stuðningur skapar sigurvegara / Athygli – Já takk! / Frumleg og fjölbreytt – Óheft og alls konar.

Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • 581 1110
adhd@adhd.is • www.adhd.is
Formaður: Elín Hoe Hinriksdóttir
Framkvæmdastjóri: Hrannar Björn Arnarsson

Stofnað 1985 • Félagsmenn 1.500

Helstu verkefni **Alzheimersamtakanna** eru ráðgjöf, fræðsla og rekstur dagþjálfana fyrir skjólstæðinga, aðstandendur, vini, fagfólk og aðra sem áhuga hafa. Unnið er að hagsmunamálum fólks með heilabilunarsjúkdóma með stuðningi, ráðgjöf og fræðslu. Samtökin reka þrjár sérhæfðar dagdvalir fyrir einstaklinga með heilabilun. Standa fyrir samverustundum og halda námskeið fyrir umönnunaraðila.

Slagorð: Hvað er heila málið? / Munum þá sem gleyma.

Hátún 10 • 105 Reykjavík • 533 1088
alzheimer@alzheimer.is • www.alzheimer.is
Formaður: Árni Sverrisson
Framkvæmdastjóri: Vilborg Gunnarsdóttir

Stofnað 1974 • Félagsmenn 956

Markmið **Astma- og ofnæmisfélagsins** er að berjast fyrir hagsmunum þeirra sem eru með astma og ofnæmi. Vera ráðgefandi fyrir yfirvöld og skóla um málefni sjúklinga og skólabarna, stuðla að fræðslu- og rannsóknarstarfsemi á öndunarfæra- og ofnæmissjúkdómum. Félagið sinnir hagsmunabaráttu, ráðgjöf, fræðslu, yfirgripsmiklu námskeiðahaldi t.d. varðandi eldun ofnæmisfæðis í skólum og mötuneytum, útgáfu og öflugum forvörnum ásamt því að vinna að bættum loftgæðum með öðrum hagsmunaaðilum og stjórnvöldum.

Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • 560 4814
ao@ao.is • www.ao.is
Formaður: Fríða Rún Þórðardóttir

Stofnað 1958 • Félagsmenn 597

Tilgangur **Áss styrktarfélags** er að gæta hagsmuna og reka þjónustu til stuðnings fólki með þroskahömlun. Ás er aðstandendafélag en allir geta verið með í starfi þess, fatlaðir, foreldrar, aðstandendur, fagfólk og starfsmenn. Markmiðið er að þróast og vaxa með auknum þörfum og fleiri verkefnum. Félagið þjónustar fatlað fólk í búsetu, er með tilboð í Vinnu & virkni og sér um dagþjónustu við börn.

Gildi: Gæði – Sveigjanleiki – Frumkvæði

Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogi • 414 0500
styrktarfelag@styrktarfelag.is
www.styrktarfelag.is • Form.: Þórður Höskuldss.
Framkvæmdastjóri: Þóra Þórarinsdóttir

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Stofnað 1939 • Félagsmenn 6.443

